



Ritstjóri og ábyrgðarmaður Arthur Gook

## SAGA KRISTNINNAR

STUTT ÁGRIP. Eftir ritstjóranum.

(Birt á árunum 1949-1954)

### I. INNGANGUR.

Ef talið er nauðsynlegt, að hver íslendingur þekki helstu atriðin í sögu þjóðar sinnar, þá er ekki síður nauðsynlegt fyrir hvern þann, er telur sig kristinn mann, að þekkja sögu kristninnar.

Eins og breytni hvers manns er meir eða minna mótuð af reynslu hans á liðnum tímum, af því sem hann hefir lært eða vanist, bæði sjálfrátt og ósjálfrátt, eins er líf og þróun kristinna manna, sem einstaklinga og sem allsherjar safnaðar, mótuð meir eða minna af þeim öflum, sem um langan aldur hafa haft áhrif á vöxt þeirra og viðgang.

Ókleift er að mynda heilbrigða skoðun um öfl þau, sem sífelt togast á í heimi kristninnar, eða að greina strauma þá, sem vilja bera menn með sjer í hina eða þessa áttina í andlegum málum, ef oss er ókunnugt um það, hvernig á þessum öflum stendur, hvaðan þessir straumar eru komnir.

Því er nauðsynlegt hverjum trúuðum kristnum manni að þekkja einhver deili á framhaldi þeirrar sögu, sem virðist enda svo snögglega í lok Postulasögunnar. Að vísu er brýnt fyrir oss, að halda oss stöðuglega við það, „sem var frá upphafi“, en er vjer berum saman það, sem þar er skráð, við það, sem nú ber oss fyrir augu, verður oss spurn, hvernig stendur á hinum geysimikla mismun á því, sem var á dögum postulanna, og því, sem sjest nú á vorum dögum.

Svarið fæst aðeins við rannsókn kristnisögunnar.

„Kirkjusagan“ hefir aðallega verið skráð af klerkum og prelátum, sem þjónað hafa hinum ýmsu þjóðkirkjum og hafa skrifað aðallega frá þeirra sjónarmiði. Rit þeirra manna, sem gagnrýndu aðfarir eða kenningar hinna andlegu yfirvalda, voru oftast brennd á báli

ásamt höfundum sínum. Á löngu tímabili þótti hentugra að brenna gagnrýnendur en að svara röksemdum þeirra.

Þó hefir svo mikið varðveist, að hægt hefir verið að þræða sögu hins sanna safnaðar Krists gegn um myrkur miðaldanna alt til þessa dags. Kristur sagði, að hlið helvítis mundu ekki verða söfnuði hans yfirsterkari, og þeim hefir heldur ekki tekist að verða það.

Í mörg ár hefi jeg rannsakað öll þau heimildarrit, sem jeg hefi náð í, sem varpa ljósi yfir sögu kirkju Krists. Það er tilgangur minn að beina athygli lesenda minna að helstu atriðum þeirrar sögu, svo að þeir verði færir um að mynda rökrjetta skoðun á mörgu, sem deilt er um; að skilja betur afstöðu annarra, jafnvel þeirra, sem þeir eru ósammála; að gera glöggan mun á því, sem á rót sína að rekja til ritningarinnar einnar, og því, sem á uppruna sinn annars staðar.

Mjer er ljóst, að mikil siðferðisleg ábyrgð hvílir á höfundi, sem ætlar sjer að velja úr þeim mikla sæg frásagna, sem til er, handa lesendum sínum. Það er hægt fyrir höfund, í þessu efni eins og í öðrum, að velja aðeins þær frásagnir, sem staðfesta eigin skoðanir og sannfæringu hans, en sleppa hinum; að varpa róslitum bjarma yfir þá menn, sem hann fylgir meir eða minna að máli, en láta hina standa í tortryggilegum skugga. Þessi aðferð, því miður, er vel þekt í reiptogi þjóðmálanna. En þegar farið er með jafn helgan hlut sem sannleikann um söfnuð Krists, á það að vera einlægur ásetningur bæði höfundarins og lesendanna að yfirvega alt, sem hægt er að fá vitneskju um, með þeirri löngun einni, að „dæma rjettlátan dóm“, eins og Kristur bauð oss (Jóh. 7. 24.).

Þannig er það, til dæmis, að við skulum ekki gjalda líku líkt, þegar rómversk-kaþólska kirkjan fullyrðir, að ekkert hjálpræði sje að finna, nema í þeirri kirkju, með því að segja, að ekkert hjálpræði sje að finna innan vjebanda hennar. Trúaðar, guðræknar sálir hafa altaf verið til, jafnvel á meðan hið dimmasta myrkur miðaldanna stóð yfir. Margar þeirra virðast hafa átt einlæga trú á Krist, þó að kringum þær hafi úað og grúað af alls konar hneykslanlegum siðum og kenningum. Lesandanum ber að hafa þetta hugfast, því að þegar dæmt er um siði eða kenningar, er þar með ekki dæmt um mennina, sem hafa að sumu leyti aðhylst þá. Drottinn einn er fær um það. Oss er skylt að bera saman hverja kenningu við Guðs orð í ritningunni, og að gagnrýna hvern sið eftir sama mælikvarða; en mennina dæmir Drottinn, — á sínum tíma.

Hjer fylgir skrá yfir helstu heimildarritin, sem jeg hefi notað í þessu ágripi: —

Nýja testamentið á grísku, (útgáfur Ebenhards Nestle prófessors og G. R. Berry, doktors í heimspeki.)

Nýja testamentið á öðrum tungumálum.

Kirkjusaga, eftir J. L. Mosheim, doktor í guðfræði og háskólakanslara.

International Standard Bible Encyclopaedia, aðalritstjóri James Orr, doktor í guðfræði.

Kristnisaga, eftir Andrew Miller.

„The Pilgrim Church“ (Pílagrímskirkjan) eftir E. H. Broadbent.

Short History of the Christian Church (Stutt saga kristinnar kirkju), eftir C. P. S. Clark kanúka.

History of the Christian Church, (Saga kristinnar kirkju) eftir Edward Burton, prófessor og doktor í guðfræði.

„Early Days of Christianity“ (Fyrstu dagar kristindóms), eftir F. W. Farrar prófast og doktor í guðfræði.

„Christianity in the Apostolic Age“ (Kristindómur á postulatímanum) eftir G. T. Purves prófessor, doktor í guðfræði, doktor í bókmentum.

„Great Events of History“, (Stórviðburðir sögunnar) eftir W. F. Collier, doktor í guðfræði.

„Saint Augustine“, (Hinn heilagi Ágústínus), eftir E. L. Cutts, doktor í guðfræði.

„The Two Babylons“, (Hinar tvær Babýlónur) eftir síra Alexander Hislop.

„Three Friends of God“, (Þrír vinir Guðs), eftir F. Bevan.

Æfisaða Lúters, eftir Gustavus Pfizer.

Essay on Luther's Predecessors, (Ritgerð um fyrirrennara Lúters) eftir Isaac Taylor.

„History of the Reformation“, (Saga siðbótarinnar), eftir síra J. H. D'Aubigné.

„Scenes from the History of the Christian Church“, (Nokkrir þættir úr kristnisögunni), eftir síra Andrew Bonar.

Classical History, (Klassísk saga) eftir H. K. Prescott, doktor í heimspeki.

## II. Í UPPHAFI.

Söfnuður Guðs kom fyrst til sögunnar fyrsta hvítasunnudag eftir dauða og upprisu Jesú Krists. Áður var hann ekki til. Nokkrum mánuðum fyr hafði Drottinn Jesús talað um hann sem framtíðarstofnun (Matt. 16. 18.).

Postulinn Páll staðhæfir í brjefinu til Efesusmanna, að fyrirætlun Guðs með söfnuðinn hafi „ekki verið birt mannanna sonum fyr á tímum,“ hún hafi verið „hulin í Guði“, (Efes. 3. 5.-11.). Hann segir og í brjefinu til Kólossumanna, að leyndardómurinn um söfnuðinn hafi verið „hulinn frá því, að aldir og kynslóðir urðu til“, (Kól. 1. 24.-26.).

Sömuleiðis segir hann í brjefinu til Rómverja, að þessi leyndardómur hafi „frá eilífum tíðum legið í þagnargildi“, (Róm. 16. 25.). Þetta er í samræmi við það, sem sagt er í Matteusarguðspjalli í sambandi við dæmisögu Krists um söfnuðinn: „Jeg mun mæla fram það, sem hulið hefir verið frá grundvöllun heims.“ (Matt. 13. 35.).

Það er áriðandi fyrir lesendur að skilja þetta, svo að þeir komist hjá þeirri villu, að leita leiðbeininga um tilhögun kristinna safnaða í gamla testamentinu. Það, sem Guði þóknaðist að hylja, verður ekki fundið þar. Söfnuður Guðs varð fyrst til, þegar Heilagur Andi kom á hvítasunnudegi, og saga kristninnar byrjaði þá, en ekki fyr.

Postulasagan og brjef postulanna eru hinar einu heimildir, sem vjer höfum fyrir upphafi sögu kristninnar. Þar sem öllum lesendum er innanhandar að lesa þær, verður ekki farið rækilegar út í þær hjer.

Aðeins viljum vjer benda á helstu atriðin, sem nauðsynlegt er að hafa í huga, til samanburðar við það, sem kom fram seinna.

Byrjunin var fögur. Um það verður ekki deilt.

Besta lýsing á henni, sem jeg hefi sjeð, finst í „Encyclopaedia Britannica“ („Bresk alfræðibók“), 13. útg., í greininni um kirkjusögu, og er á þessa leið:

„Hið eftirtektarverðasta við hina fyrstu kristnu var vakandi tilfinning þeirra fyrir því, að þeir væru lýður Guðs, kallaður og greindur frá öðrum. Hinn kristni söfnuður var í huga þeirra guðleg, en ekki mannleg, stofnun. Hann var stofnaður og honum var stjórnað af Guði, og heimurinn jafnvel var skapaður hans vegna. Þessi skilningur rjéði öllu lífi hinna fyrstu kristnu, bæði sem einstaklinga og sem heildar. Þeir litu á sig sem greindir frá heiminum og bundna saman með sjerstökum böndum. Föðurland þeirra var á himni, en ekki á jörðu, og reglur þær og lög, sem þeir leituðust við að haga sjer eftir, voru ofan að.

Hinn núverandi heimur var eingöngu stundlegur, og hið sanna líf þeirra lá í framtíðinni. Kristur mundi koma skjótlega aftur, og störf og strit og skemmtanir þessarar aldar voru þeim lítið áhugaefni. Ekki nauðsynlega vegna þess, að núverandi heimur væri vondur, heldur af því, að hann var skammvinnur og lítills virði, og hjarta kristins manns átti að elska það, sem æðra væri. Sú trú, að söfnuðurinn væri yfirnáttúrleg stofnun, kom í ljós í hinni gyðinglegu skoðun um nærveru og kraft Heilags Anda. Í daglegu lífi kristins manns var Heilagur Andi nálægur, og allar hinar kristilegu dygðir voru ávöxturinn. Þessi trú setti svip áhuga eða innblásturs á allt líf þeirra. Reynsla þeirra var ekki hversdagsleg reynsla óbreyttra manna, heldur manna, sem lyft hefir verið upp yfir sjálfa sig og fluttir inn á æðra tilverustig. “

Þetta er sönn og fögur mynd af söfnuði Guðs, eins og nýja testamentið gerir ráð fyrir honum. Hve óendanlega hryggilegt er það, að sagan skýrir frá hrapinu ofan frá þessum himinhæðum! Greinin heldur áfram:

„Þegar tímar liðu, hvarf hinn fyrri áhugi. Eftirvæntingunni, að Kristur kæmi fljótt, var víðast hvar slept, sannfæringin um nálægð Andans varð minna vakandi, og baráttan við trúarvillur á 2. öldinni leiddi til þess, að opinbert eftirlit kom í stað hins upphaflega frelsis.

Sem stofnun vænti söfnuðurinn langra lífdaga hjer á jörð og lagaði sig eftir nýjum kringumstæðum, og hann tók upp að mestu hætti og venjur heimsins, sem hann lifði í. “

Enginn vafi er á því, að vjer höfum hjer sanna könnun þess sjúkdóms, sem fyrst rændi söfnuðinn lífsmagni sínu og krafti. Þegar hann misti sjónar á Drotni sínum og týndi voninni um endurkomu hans, „tók hann upp að mestu hætti og venjur heimsins, sem hann lifði í.”

Þessir hættir og venjur heimsins, sem menn fóru smám saman að leiða inn í kristna söfnuði, eru alls ekki heimiluð í nýja testamentinu. Það, sem fyrst vakti deilur og óeiningu í kristninni, var samt ekki komið frá heiðingjunum. Öllu heldur var það hin óslökkvandi hneigð margra Gyðinga, sem við trúnni höfðu tekið, til að líta á söfnuð Krists sem nokkurs konar endurbætta útgáfu af Gyðingdómnum. Þeir vildu láta alla heiðingja, sem gerðust kristnir, umskerast og halda lögmál Gyðinga. Þetta vakti svo miklar deilur víðast hvar, að postularnir kölluðu saman fund í Jerúsalem til að ræða málið; frá þessum fundi er skýrt í 15. kapítula Postulasögunnar.

Þar gáfu þeir þann úrskurð, að menn af heiðnum þjóðum, sem við trúnni höfðu tekið, væru ekki skyldir að halda lögmál Gyðinga að öðru leyti en því, að þeir ættu að halda sjer frá skurðgoðafórnum, að neyta ekki blóðs eða kjöts af köfnuðum skepnum, (sem blóðið var í), og að lifa siðferðishreinu lífi.

„Heilögum Anda og oss hefir litist að leggja eigi frekari byrðar á yður en þetta,“ skrifuðu þeir.

Þar höfum vjer sameiginlegan úrskurð allra postula Krists. Spurningin um það, hvort, eða að hve miklu leyti, kristnir menn eigi að halda lögmál Gyðinga, er þar útkljáð í eitt skipti fyrir öll. Ákvæði lögmálsins um umskurn, helgihald hvíldardagsins, helgidóma, ölturu, messuklæði, hátíðir og prestastjett hafa þar af leiðandi ekkert gildi fyrir þá, sem tilheyrja söfnuði Krists. Hin „tíu boðorð“ eru öll endurnýjuð í einhverri mynd í nýja testamentinu, sem þættir í lögmáli Krists, nema boðorðið um helgihald hvíldardagsins. Því er slept, þar sem það var ekki gefið öðrum en Gyðingabjóðinni.

Í Postulasögunni og brjefum postulanna höfum vjer allar nauðsynlegar leiðbeiningar um tilhögun kristins safnaðar og um samstarf safnaðanna á milli.

Þar kemur skýrt fram, að sjerhver söfnuður var sjálfstæð heild. Söfnuðurnir, tilknúðir af kærleika Krists, sendu öðrum söfnuðum gjafir, þegar þeir voru í neyð, (sbr. Post. 11. 27.-30.; II. Kor. 8. 1.-4.), en hvorki í söfnuðinum í Jerúsalem, Antíokkíu nje Róm var nokkur yfirstjett, sem rjeði yfir öðrum söfnuðum. Allir söfnuðirnir voru sjálfstæðir.

Í hverjum söfnuði voru ólaunaðir biskupar (umsjónarmenn), sjá Post. 20. 28. og 34.-35., en hvergi var einn yfirhirðir, sem rjeði yfir mörgum söfnuðum. Eini „yfirhirðirinn“, sem getið er um, er Drottinn Jesús Kristur sjálfur, (I. Pjet. 5. 4.).

Þeir, sem álíta, að starfsaðferðir þær, sem lýst er í Postulasögunni og brjefum postulanna, hafi fallið úr gildi og sjeu ómögulegar nú á dögum, verða þó að kannast við, að fyrsta öld kristninnar, meðan menn hjeldu sjer að mestu að fyrirmynd postulanna og áður en „hættir og venjur heimsins“ höfðu komist inn í söfnuðina, var einmitt hið mesta útbreiðslutímabil hennar. Þá fór hún sigurför um heiminn. Þá vann hún dýrðlega sigra, sem hún hefir aldrei unnið síðan, — og ekkert nálægt því, — síðan er menn þóttust ætla að gera verkið ljettara, að flýta fyrir, að ná meiri árangri, með því að semja sig að háttum þjóðanna og taka upp trúarvenjur þeirra.

Drottinn Jesús gaf þá skipun, að „fara út um allan heim og þrjedika gleðiþoðskapinn allri skepnu.“

Postularnir virðast allir hafa hlýtt þessu boði trúlega. Greinilegar er sagt frá ferðum Páls en annarra, og fleiri brjef hans hafa varðveitst en hinna postulanna, vegna þess að Kristur kaus hann til að vera sýnishorn eða dæmi, þeim „er á hann munu trúa til eilífs lífs“ (I. Tím. 1. 16.). Af störfum hinna postulanna höfum vjer ekki mjög nákvæmar lýsingar.

Vjer skulum þó geta um það, sem menn vita best um afdrif postulanna, hvers um sig.

Páll postuli. Saga hans í Postulasögunni endar, þegar hann er kominn til Róm, þar sem hann er hafður í vægu varðhaldi, (Post. 28. 16. og 30.-31.). Í síðara brjefi hans til Tímóteusar segir hann fyrir dauða sinn, (4. 6.). Eftir því sem menn vita best, var hann tekinn af lífi, háalshöggvinn, árið 67, meðan Neró var keisari í Róm.

Pjetur postuli, (stundum nefndur Kefas, sbr. Jóh. 1. 42.). Menn vita mjög lítið með vissu um æfi hans eftir það, að hann tók þátt í postulafundinum í Jerúsalem, sem áður er getið um og skýrt er frá í 15. kap. Postulasögunnar. Fyrst um 300 árum eftir Krists burð getur Evsebíus, biskup og sagnfræðingur (264—340 e. Kr.) þess, að munnmælasaga ein hermi, að Pjetur muni hafa komið til Róm á dögum Kládíusar keisara (41—54 e. Kr.) og dáið þar. Jeróme (dáiinn 420) segir, að Pjetur hafi starfað í Róm í 25 ár. En þetta stendur mjög illa heima við það, sem vjer lesum um hann í nýja testamentinu.

Postulafundurinn í Jerúsalem hefir sennilega verið haldinn árið 51 eða 52, samkvæmt mörgum heimildum. Nokkru seinna var Pjetur með Páli í Antíokkíu, (Gal. 2. 11.-14.). Árið 57 skrifar Páll um hann í fyrra brjefi sínu til Korintumanna, og var hann þá í trúþoðsferð ásamt konu sinni. (I. Kor. 9.5.).

Árið 57 eða 58 ritaði Páll brjef til Rómverja, en í því brjefi er ekkert orð um Pjetur postula. Postulinn sendir ekki færri en 27 kveðjur til ýmissa manna í Róm, en engin kveðja er til Pjeturs postula, sem er óhugsandi, hafi hann verið þar í borginni. Í brjefi þessu segist Páll ætla að koma og þrjedika fagnaðarerindið í Róm, (1. 9.—15.); en hann segir líka, að hann hafi talið sjer það sæmd, að boða ekki fagnaðerindið þar, sem aðrir starfsmenn hafa lagt grundvöllinn, (15. 20.).

Þegar Páll var fluttur sem bandingi til Róm, gengu bræðurnir til móts við hann, en ekki er Pjetur þar nefndur, (Post. 28. 15.).

Brjefin til safnaðanna í Efesus, Filippí og Kólossu og til Tímóteusar og Filemons, voru öll rituð frá Róm. Þau flytja kveðjur frá ýmsum mönnum í söfnuðinum í Róm, en ekki er eitt orð frá Pjetri, eða um hann, í neinum af þessum brjefum.

Í síðasta brjefi Páls postula frá Róm telur Páll upp starfsbræður sína, sem hafa verið með honum þar, og segir, hvert þeir sju nú farnir, og endar með þessum orðum: „Lúkas er einn hjá mjer“ (II. Tím. 4.11.). Þetta sannar betur en allt annað, að Pjetur hefir ekki verið með Páli í Róm, eins og munnmælasagan segir.

Auk alls þessa lesum vjer, að Páll og Pjetur hafi komið sjer saman um, að Pjetur, ásamt Jakob og Jóhannesi, skyldi fara til hinna umskornu (Gyðinga), en Páll skyldi fara, ásamt Barnabasi, til heiðingianna, (Galat. 2. 6.-9.). Það er því harla ósennilegt, að Pjetur hafi gengið á þetta loforð og farið til höfuðborgar hins heiðna ríkis til að starfa, einkum þegar Kládíus keisari hafði skipað svo fyrir, að allir Gyðingar skyldu fara burt úr Róm, (Post. 18. 2.).

Páll hafði rómverskan borgararjett (Post. 22. 25.-29.), enda var hann fluttur þangað sem bandingi, en Pjetur hafði engin slík rjettindi til að setjast að í Róm. Fyrra brjef sitt skrifaði hann um árið 64 frá Babýlon, (I. Pjet. 5. 13.), þar sem fjöldi Gyðinga var, og er sú borg óralangt frá Rómaborg á Ítalíu.

Að öllu þessu athuguðu, virðist munnmælasagan um 25 ára dvöl Pjeturs postula í Róm ekki hafa við neitt að styðjast, enda er hennar hvergi getið fyr en um 300 árum e. Kr., er fráfallstímabilið var fyrir löngu byrjað. Jeg hefi lagt áherslu á að skýra þetta mál til hlítar, vegna þess að sögusögnin um yfirráð Pjeturs postula um 25 ára skeið sem „hins fyrsta biskups í Róm“ var notuð síðar meir í áróðursskyni til að rjettlæta stofnun „hins postullega páfadóms“ í Rómaborg, en sú stofnun hefir haft geysimikil áhrif á sögu kristinnar.

Vjer höfum þá enga sönnun fyrir því, að Pjetur postuli hafi nokkurn tíma stigið fæti í Rómaborg, og því síður að hann hafi orðið þar yfirbiskup eða „páfi“.

Mikið hefir verið gert úr því, að Drottinn hafi falið Pjetri lykla himnaríkis, er hann sagði við hann: „Sjerhvað, sem þú bindur á jörðu, skal bundið vera í himnunum, og sjerhvað, sem þú leysir á jörðu, skal leyst vera í himnunum“ (Matt. 16. 19.) En Drottinn gaf öllum postulunum þetta sama vald, ekki Pjetri einum. (Matt. 18. 18. og Jóh. 20. 21.-23.)

Drottinn Jesús sagði við postulana: „Þjer vitið, að þeir, sem ríkja yfir þjóðunum (eða: yfir heiðingjunum), drotna yfir þeim, og höfðingjarnir láta þá kenna á valdi sínu; en eigi sje því svo farið yðar á meðal, en sjerhver sá, er vill verða mikill yðar á meðal, hann skal vera þjónn yðar; og sjerhver sá, er vill yðar á meðal vera fremstur, hann skal vera þræll yðar.“ (Matt. 20. 25.-27.) Hvernig Pjetur hefir skilið þessa skipun meistara síns, sjest á því, sem hann ritar umsjónarmönnum í fyrra brjefi sínu, (5. 1.-4.). Þar telur hann sig „samöldung“ hinna og hvetur þá til að drotna ekki harðlega yfir söfnuðunum, heldur að verða fyrirmynd hjarðarinnar. „Yfirhirðirinn“ er þar nefndur að vísu, en það er Drottinn sjálfur, sem ber þetta heiti, ekki Pjetur.

Pjetur hafði enga sjerstöðu meðal postulanna eins og sjest á því, að hinir postularnir „sendu“ Pjetur og Jóhannes til Samaríu, (Post. 8. 14.). Hann var þá sendimaður þeirra. Og hann átti að gera þeim grein fyrir gerðum sínum, eins og til dæmis, þegar hann fór til

Kornelíusar. Þá átöldu þeir hann fyrst, en þögnuðu, er hann hafði gefið þeim fulla skýringu.

Þetta bendir til, að hann hafi ekki verið yfirhirðir yfir söfnuðinum. (Post. 11. 2.-4. og 18.)

Á fundinum í Jerúsalem (Post. 15. 6.-29.) ræddi Pjetur og hinir postularnir þrætumálið, en það var Jakob, ekki Pjetur, sem hafði úrskurðarvaldið, (sbr. 19. vers: „fyrir því er það minn úrskurður“)

Af þessum ástæðum verðum vjer að álykta, samkvæmt ritningunni, að Pjetur postuli hafi ekki verið neinn „yfirhirðir“ eða „páfi“, hvorki í Rómaborg nje annars staðar.

Kristur sagði fyrir, með hvaða dauðdaga Símon Pjetur mundi vegsama Guð (Jóh. 21. 18.—19.). Pjetur hefir skilið, hvað Drottinn átti við, því að mörgum árum seinna skrifaði hann: „Jeg veit, að þess mun skamt að bíða, að tjaldbúð minni verði swift, eins og sjálfur Drottinn vor Jesús Kristur birti mjer.“ (II. Pjet. 1. 14.) Drottinn hafði sagt: „Er þú eldist, muntu útbreiða hendur þínar, og annar mun gyrða þig og fara með þig, þangað sem þú vilt ekki.“ Hjer hefir hann vafalaust átt við krossfestingu, og mun þessi göfugi þjónn Krists hafa þannig innsiglað vitnisburð sinn með þjáningum sínum; vjer vitum ekki hvar.

Origen (188-254) ritaði á 3. öld, að Pjetur hafi verið krossfestur þannig, að höfuð hans sneri niður.

Þetta er fyrsta sinn, sem þessa var getið, það sem vjer vitum. Aftur segir Tertullian (160—230), að Pjetur hafi „dáið á sama hátt og Drottinn hans.“ Seinni tíma höfundar hafa hermt eftir Origen og bætt ýmsu við. Það virðist vera ómögulegt nú að skera úr, hvort hann hafi haft á rjettu að standa eða ekki.

Jakob postuli var hinn fyrsti meðal postulanna til að líða píslarvættisdauga fyrir Krist. „Heródes konungur ljet höggva Jakob, bróður Jóhannesar, með sverði.“ (Post. 12. 1.-2.) Með þessum fáu orðum er lýst píslarvættisdauga þess manns, sem ásamt Pjetri og Jóhannesi, hafði verið einn af nánustu vinum frelsarans. Þetta mun hafa verið um árið 44.

Jóhannes postuli. Hans er getið í fyrstu kapítulum Postulasögunnar og einu sinni í brjefi Páls Postula til Galatamanna, og þrjú brjef hans, Opinberunarbókin og guðspjallið eftir hann eru geymd í nýja testamentinu, oss öllum til leiðbeiningar og blessunar. Opinberunarbókin skýrir frá því, að Jóhannes hafi verið þá á eyinni Patmos „fyrir sakir orðs Guðs og vitnisburðar Jesú“. Þessi orð þýða sennilega, að hann hafi verið rekinn þangað í útleð vegna starfs síns fyrir Drottin, en ekki, eins og sumir hafa getið sjer til, að hann hafi farið þangað til að hugleiða Guðs orð í næði. Hann virðist hafa starfað lengi í Efesusborg og dáið á háum aldri. Sumir hjeldu, að orð Drottins Jesú um Jóhannes gæfu í skyn, að hann mundi lifa, alt þangað til Drottinn kæmi aftur: „Ef jeg vil, að hann lifi, þangað til jeg kem, hvað tekur það til þín?“ (Jóh. 21. 20.-23.) En það er tekið fram, að „Jesús hafði ekki sagt við hann, að hann skyldi ekki deyja.“ Hví skyldi Drottinn þá hafa sagt þetta? Skýring á þessu fæst í 4. kapítula í Opinberunarbókinni. Brjefin í 2. og 3. kap., sem tákna hin sjö tímabil safnaðar Krists, eru á enda; síðasta brjefið lýsir ástandi hins játandi safnaðar rjett áður en Kristur kemur. „Eftir þetta sá jeg,“ ritar Jóhannes, „og sjá: Opnar dyr á himninum, og raustin hin fyrri, er jeg heyrði, sem lúður gylli, talaði við mig og sagði: Stíg upp hingað, og jeg mun sýna þjer það sem verða á eftir þetta. Jafnskjótt var jeg hrifinn í anda og sjá: Hásæti var reist á himni, og einhver sat í hásætinu.“ Í þeim skilningi lifði hann, þangað til Drottinn kom. Í vitruninni heyrði hann raustina, eins og lúður, og var hrifinn upp gegn um hinar opnu dyr himinsins og sá það, sem þar var (sbr. I Þess. 4. 16.—17.). Þannig reyndi hann í anda það, sem allur söfnuðurinn mun reyna,

þegar frelsarinn kemur aftur. Það var því alls ekki óviðeigandi, að Drottinn skyldi svara, — er hann var spurður: „Hvað verður um þennan?“ — „Ef jeg vil, að hann lifi þangað til jeg kem, hvað tekur það til þín?“

Andrjes postuli. Hans er hvergi getið í nýja testamentinu nema í guðspjöllunum og 1. kap. Postulasögunnar. Hann var hinn fyrsti postuli til að ganga í þjónustu Jesú, og hann varð til þess að leiða til hans bróður sinn Símon Pjetur. Menn vita ekkert með vissu um störf Andrjesar eftir upprisuna. Ein saga segir, að hann hafi verið krossfestur í Skytíu (Rússlandi); önnur, að það hafi verið í Grikklandi.

Filippus postuli er sagður hafa meðal annars starfað lengi í Frýgíu í Litlu-Asíu og dáið þar ellidauða.

Matteus postuli. Lítið er vitað um þennan guðspjallamann, sem hjet öðru nafni Levi og var Alfeusson. Samkvæmt munnmælasögum mun hann hafa ferðast víða og boðað fagnaðarerindið; og Klemens frá Alexandríu staðhæfir, að hann hafi dáið eðlilegum dauða.

Bartólómeus postuli, sem er mjög líklega sami maðurinn og Nataníel, sem nefndur er í Jóhannesarguðspjalli (1. 48.; 21. 2.), er sagður hafa ferðast austur á bóginn og mætt dauða sínum þar með þeim hætti, að hann var látinn í poka og honum fleygt í sjóinn.

Tómas postuli er sagður hafa flutt fagnaðarerindið til Indlands, en saga þessi er ekki á mjög traustum rökum byggð. Sagt er, að hann hafi dáið í Edessu í Mesópótamíu, og á 4. öld var gröf hans sýnd þar.

Jakob Alfeusson, postuli, gat verið bróðir Matteusar, sem líka var Alfeusson, en ómögulegt er að vita það með vissu. Sagt er, að þessi postuli hafi verið grýttur af Gyðingum fyrir að þrjedika Krist, og að hann hafi verið greftraður í Jerúsalem; aðrir segja, að hann hafi verið krossfestur í Egiptalandi.

Símon Kananei, postuli, kallaður „vandlætari“, er af sumum álitinn bróðir Jakobs Alfeussonar. Sumar sögur herma, að hann hafi verið krossfestur í Babýlon, aðrar, að það hafi verið í Bretlandi.

Taddeus postuli, öðru nafni Júdas Jakobsson (ekki Ískariot), mun hafa verið sendur til Edessu til að lækna Agbar, konunginn þar í landi. Agbar á að hafa skrifað Jesú brjef, tjáð honum trú sína og boðið honum griðastað hjá sjer, („borg mín er nógu stór fyrir okkur báða“). Hann bað Jesúm að lækna hann af illkynjuðum sjúkdómi. Hermt er, að Drottinn hafi svarað brjefinu og lofað Agbar, að hann skyldi senda einhvern til að lækna hann eftir upprisu sína, og að Taddeus hafi verið sendimaðurinn. Óvíst er um dauða hans og greftrunarstað.

Frá dauða Júdasar Ískariot er sagt í ritningunni.

Hann ætlaði að drýgja sjálfsmorð með því að hengja sig, (Matt. 27. 5.). En eftir frásögninni að dæma í Post. 1. 18., mun reipið hafa slitnað og hann steypst á höfuðið og brostið í sundur í miðju.

Mattías postuli var kosinn með hlutkesti, eftir tillögu Símonar Pjeturs, til að fylla í skarðið, þegar Júdas Ískariot sveik Drottin og framdi sjálfsmorð.

Margir benda á orð Drottins Jesú, að postularnir áttu að vera kyrrir í Jerúsalem og bíða eftir fyrirheiti Föðurins, en hann sagði ekkert um það, að þeir ættu að velja nýjan postula í stað Júdasar. Á það er bent, að Drottinn ætlaði sjálfur að velja hinn tólfta postula, sem hann og gerði, er hann birtist Sál frá Tarsus og fól honum postulastarf (sbr. Post. 9. 15.-16. og 26. 16.-18.).



Eftirtektarvert er það, að Mattías er hvergi nefndur á nafn í Postulasögunni eftir frásögnina um kosningu hans með hlutkesti.

Hvað sem því líður, var Mattías einn af þeim, sem voru með postulunum „allar stundir, meðan Drottinn Jesús gekk inn og út þeirra á meðal“ (Post. 1. 21.), og mun hafa starfað með hinum postulunum.

Lítið er vitað um starfsferil hans. Sagt er, að hann hafi farið til Damaskus, en dáið í Gyðingalandi, — sumir segja í Jerúsalem.

Eins og áður hefir verið bent á, auðsýndi Drottinn Páli postula sjerstaka miskunn og langlyndi, eins og hann segir, fyrir þá sök „að Kristur Jesús skyldi sýna á mjer gervalt langlyndi sitt, þeim til dæmis, er á hann munu trúa til eilífs lífs“. (I. Tím. 1.16.) Þannig varð líf hans og langlyndi Drottins Jesú við hann nokkurs konar dæmi, þeim til leiðbeiningar, sem kæmu á eftir. Þetta var sjerstök köllun hans, fremur en hinna postulanna, og þess vegna er það, að starfi hans og lífsreynslu er lýst svona rækilega, en lítið sagt um hina.

Sjerhver þjónn Drottins er án afsökunar, ef hann hlýðnast ekki áminningu þessa postula: „Verið eftirbreytendur mínir, eins og jeg fyrir mitt leyti er Krists.“ (I. Kor. 11. 1.)

Postulasagan endar, þegar Páll er kominn til Róm. En af brjefum hans þaðan lærum vjer, að í fyrstu málsvörn hans fyrir keisaranum yfirláfu hann allir, en hann „varð frelsaður úr gini ljónsins“ samt.

Það er mjög sennilegt, að hann hafi fengið frelsi um tíma og farið enn þá eina trúboðsferð. En síðan mun hann hafa verið handtekinn að nýju og látið lífið.

Þar sem hann hafði rómverskan borgararjett, mun hann hafa verið hálshöggvinn, en ekki krossfestur.

Ef vjer berum saman hinar mörgu óljósu munnmælasögur um störf og afdrif postulanna, sem alls ekki er hægt að samrýma hverja við aðra nema að mjög litlu leyti, sjáum vjer, að guðleg hönd hefir hlotið að varðveita frásagnirnar, sem nýja testamentið geymir, svo að vjer fáum þar áreiðanlegar heimildir um það, „sem Jesús gerði og kenndi frá upphafi“ og skýra frásögn um störf og kenningar Páls postula.

Sjerhver lækur er hreinastur við uppsprettu sína; hann saurgast, þegar gruggugir straumar bætast við hann á leið hans til sjávar. Þannig var upphaf kristindómsins hreint og ómengað, eins og hann kom frá Drottins hendi. Margt óhreint hefir bætst við síðan.

Þess vegna erum vjer ámintir um að láta það vera stöðugt í oss, sem vjer höfum heyrt frá upphafi. „Ef það er stöðugt í yður, sem þjer frá upphafi hafið heyrt, þá munuð þjer einnig vera stöðugir í syninum og í föðurnum.“ (1 Jóh. 2. 24.)

Það, sem var frá upphafi, sem Drottinn hefir ætlað oss til leiðbeiningar og eftirbreytni, hefir varðveittst dásamlega, svo að vjer höfum áreiðanlega og örugga stjórnarskrá, svo að segja. En auðsjeð er, að engin guðleg hönd hefir varðveitt ummæli „feðranna“ á 2. og 3. öld og síðan; þau eru öll á ringulreið, og ómögulegt er að finna neitt samræmi í þeim.

Guð hefir ekki ætlað oss að fara eftir þeim, heldur eftir því, sem var frá upphafi; þess vegna hefir hann veitt guðspjöllunum, Postulasögunni og brjefum postulanna sjerstaka varðveislu, en ekki ummælum „feðranna“.

### III. TVÆR HÖFUÐSTEFNUR KRISTNINNAR.

Áður en vjer ræðum ítarlegar um vöxt og viðgang kristninnar, er nauðsynlegt að íhuga tvær gagnstæðar kenningar, sem myndað hafa tvær gagnstæðar stefnur í kristindómsmálum og hafa haft geysimikil áhrif á sögu kristninnar alt frá fyrstu öld til þessa dags.

Önnur kenningin er sú, að söfnuður Krists sje kallaður til þess að útbreiða kenningar hans um allan heim, í þeim tilgangi og með þeim væntanlega árangri, að allar þjóðir heimsins fyr eða síðar aðhyllist þær og verði „kristnar þjóðir“. Fyrir starf kirkjunnar verði þær allar smám saman gagnsýrðar af kristilegum hugmyndum, uns ríki Krists er stofnsett um víða veröld.

Þá sje Guðs ríki komið. Dæmisögurnar um mustarðskornið og súrdeigið í Matteusar guðspjalli (13. 31.-33.) eru taldar staðfesta þessa túlkun á ráðstöfun Guðs.

Hin kenningin er í stuttu máli þessi: Guð „lætur sjer umhugað að taka nafni sínu lýð út úr heiðnum þjóðum“ (Post. 15. 14.); kristnir menn eiga að boða alstaðar fagnaðarerindið í þeim tilgangi og með þeim væntanlega árangri, að sem flestir menn geri iðrun, snúi sjer til Krists í trú og verði sannir lærisveinar hans. Þeir eiga að kenna þeim, sem hlýðnast boðskapnum, að halda alt það, sem Kristur hefir boðið, en ekki samlagast siðum og venjum heimsins.

Söfnuður Krists er ekki kallaður til þess að leggja þjóðir heimsins undir sig á þessu náðar-tímabili; því að það muni Kristur sjálfur gera, þegar hann kemur aftur. Fyrst mun hann taka söfnuðinn til sín og síðan birtast ásamt honum í dýrð, leggja þjóðirnar á jörðunni undir sig með valdi og stjórna þeim með rjettvísi um þúsund ár.

Hin játandi, valdboðna kirkja, sem mest hefir borið á í sögu kristninnar, hefir nær því eindregið aðhýlst fyrri kenninguna, og þar með þá stefnu, að söfnuðinum sje ætlað að stjórna þjóðunum á þessu tímabili, áður en Kristur kemur.

Þessi kenning hefir leitt kirkjuna inn á þá braut, að reyna með öllu mögulegu móti að auka höfðatölu játandi áhangenda sinna, hvort sem þeir sjeu orðnir lærisveinar vegna sannfæringar eða ekki.

Hún misti sjónar af skipun Krists, að „boðað skuli verða í nafni hans öllum þjóðum iðrun og syndafyrirgefning.“ (Lúk. 24. 47.) Hún fjell fyrir þeirri freisting, að reyna að gera inngöngu í kirkjuþjelagið auðveldari og aðgengilegri fyrir fjöldann, og slepti iðrun úr boðun sinni sem skilyrði fyrir syndafyrirgefning, — hún fengist fyrir fram við kirkjulega skírnarathöfn, sem framkvæmd var jafnvel án þess að vísvitandi samþykki hins skírða kæmi til greina.

Og til þess að vinna hylli heiðingjanna samdi hún sig að siðum þeirra að mörgu leyti og breytti jafnvel sumum boðum Krists, til þess að heiðingjunum fjelli þau betur í geð.

Ávöxtur þessarar kenningar og stefnunnar, sem af henni leiddi, kom brátt í ljós í sögu kristninnar. Áminning Krists, að lærisveinar hans mættu ekki sækjast eftir veraldlegu valdi eins og heiðingjarnir gerðu, var að engu höfð. Eins og áður hefir verið getið, hættu menn að mestu að vænta endurkomu Krists og „tóku upp hætti og venjur heimsins“.

Af þessari rót óx upp hin svonefnda kaþólska kirkja, sem seildist eftir veraldlegu valdi og kom ár sinni svo fyrir borð, að hún á löngu tímabili rjeði yfir öllum konungum í Vestur-Evrópu og seinna meir yfir skattlöndum þeirra í öðrum álfum. Einræðisherra þessarar stofnunar var páfinn, og svo lengi sem hann hafði ótakmarkað vald, máttu allir, sem lutu ekki boði hans og banni í öllu, búast við að líða kvalafullan dauða. Ótalmargir saklausir

menn og konur hafa þannig verið brend á báli í nafni hins miskunnsama og kærleiksríka frelsara, sem kendi, að menn ættu að elska óvini sína og gera ekki öðrum illt. Þessi stefna hefir komið af stað blóðugum styrjöldum; stundum hafa jafnvel tveir „páfar“ háð stríð hvor mót öðrum. Í blóðsúthellingum og ofsóknum misstu menn sjónar af sönnum kristindómi um langan tíma, og myrkur miðaldanna grúfði yfir þjóðunum. Alt til þessa dags hafa þeir, sem þessari stefnu fylgja, litið svo á, að hinir mörgu spádómar heilagrar ritningar um hið komandi ríki Krists, bendi til þess, að kristindómurinn muni smám saman sigrast á heiðninni, og mannkynið loksins verða kristið. Í útgáfum biblíunnar, sem erlendir þjóðkirkjumenn gefa út, kemur þetta greinilega fram í skýringum og neðanmálsathugasemdum. Og í mörgum sálum um kristniboðsmál og útbreiðslu náðarboðskaparins kemur þetta fram, sem lokatakmark safnaðarins. En ef vjer lítum á sannreyndirnar, á ástand heimsins eins og það óneitanlega er, sjáum vjer enn engin merki þess, að þjóðirnar sjeu að verða sannkristnari nú en þær hafa áður verið. Ef skýring þjóðkirkjumannanna er rjett, ef ritningin kennir í raun og veru, að Guð hafi ætlað söfnuðinum að „kristna“ allar þjóðir og leiða inn þannig Guðs ríki, þá hljóta raunsæismenn að efast stórlega um gildi spádómanna og jafnvel um guðlegan uppruna kristindómsins.

Mörg eru dæmi þess, að athugulir menn hafa yfirgefið kristna trú, þar sem þeir halda, að skýring þessi muni vera rjett túlkun á orðum ritningarinnar, en í augum þeirra og ljósi veruleikans nær hún ekki nokkurri átt.

Nú, eftir níttján alda starfsemi kristindómsins, eru margfalt fleiri heiðingjar ókristnaðir heldur en þegar postularnir hófu starf sitt; og yfirgnæfandi meiri hluti þeirra er beinlínis andvígur kristindóminum. Í þeim fáu þjóðum heimsins, sem eru að nafninu til kristnaðar, er ekki nema lítill minnihluti þeirra trúaðir lærisveinar Krists í biblíulegri merkingu. Þetta er mjög alvarlegt, en er þó óneitanlega satt.

Jafnvel eitt lúterskt blað hjer á landi hefir nýlega spurt lesendur sína, hvort þeir viti „að þótt fagnaðarerindið hafi verið boðað í nærri tvö þúsund ár, er enn einn miljarður manna, sem veit ekki einu sinni, að Jesús hafi fæðst, hvað þá að hann hafi dáíð í vorn stað? Að af hverjum 1000 íbúum Indlands eru 677 Hindúar, 221 Múhamedstrúarmaður, 40 Búddatrúarmenn, 23 andadýrkendur, 21 áhangandi lægri trúarbragða og einungis 18 kristnir menn?

Að um það bil 200 miljónir Kínverja hafa aldrei heyrt fagnaðarerindið? Að einungis þrír kristniboðar starfa meðal 18 miljóna Múhamedstrúarmanna Indlands? Að 50-70 miljónir íbúa Afríku búa utan við hin núverandi kristniboðssvæði?“

Trúaðir menn, sem hafa haldið, að hlutverk kirkjunnar sje að „kristna heiminn“, eiga að horfast í augu við þessar sannreyndir og spyrja sjálfa sig einnar spurningar enn: Hvort þeir hafi lagt rjettan skilning í orð frelsarans og postulanna?

Gaf frelsarinn nokkurn tíma í skyn, að starf safnaðar hans á þessu náðartímabili mundi takast svo dásamlega, að heiðnar þjóðir mundu allar ganga undir ok Krists og skipast við kenningar hans?

Hann sagði einu sinni: „Mun þá Guð ekki láta sína útvöldu ná rjetti sínum. Jeg segi yður: Hann mun láta þá ná rjetti sínum skjótlega. Alt um það, mun þá manns-sonurinn finna trúna á jörðunni, er hann kemur?“ (Lúk. 18. 7.-8.) Hjer telur hann jafnvel vafasamt, hvort hann muni finna trúna á jörðu, þegar hann kemur! Hann sagði og: „Þá munu menn framselja yður til þrengingar og menn munu lífláta yður, og þjer munuð verða hataðir af öllum þjóðum vegna nafns míns. Og þá munu margir hneykslast og framselja hverjir aðra

og hata hverjir aðra. Og margir falsspámenn munu rísa upp og leiða marga í villu; og vegna þess að lögmálsbrotin magnast, mun kærleikur alls þorra manna kólna, en sá, sem stöðugur stendur alt til enda, hann mun hólpinn verða. Og þessi fagnaðarboðskapur um ríkið mun þrjedikaður verða um alla heimsbygðina, til vitnisburður öllum þjóðum; og þá mun endirinn koma.“

Hjer er enginn spádómur um vaxandi áhrif safnaðar hans til að leiða þjóðirnar til hlýðni við hann, heldur aðeins að fagnaðarboðskapurinn verði þrjedikaður „til vitnisburðar öllum þjóðum.“

Páll postuli spáði einnig, að „á síðari tímum munu sumir ganga af trúnni, er gefa sig að villuöndum og lærdómum illra anda“ (I. Tím. 4. 1.)

Hann sagði einnig: „Á síðustu dögum munu koma örðugar tíðir, því að mennirnir munu verða sjergóðir, fjegjarnir, raupsamir, hrokafullir, lastmælendur, foreldrum óhlýðnir, vanþakklátir, vanheilagir, kærleikslausir, óhaldinorðir, rógberandi, bindindislausir, grimmir, ekki elskandi það, sem gott er, sviksamir, framhleypnir, ofmetnaðarfullir, elskandi munaðarlífið meira en Guð, og hafa á sjer yfirskin guðhræðslunnar, en afneita krafti hennar. Allir, sem lifa vilja guðrækilega í Kristi Jesú, munu ofsóttir verða. En vondir menn og svikarar munu magnast í vonskunni, villandi aðra og villuráfandi sjálfir.“ (I. Tím. 3. 1.-5. og 13.) Hann bætti við: „Þann tíma mun að bera, er menn þola ekki hina heilnæmu kenningu, heldur kitlar þá á eyrunum, og þeir hópa að sjer kennurum eftir eigin fýsnum sínum; og þeir munu snúa eyrum sínum burt frá sannleikanum og snúa sjer að æfintýrum.“ (4. 3.-4.)

Pjetur postuli tekur í sama streng, er hann segir:

„Falskennendur munu líka verða á meðal yðar, er smeygja munu inn háskalegum villukenningum og jafnvel afneita herra sínum, sem keypti þá, og leiða yfir sig bráða glötun. Og margir munu fylgja ólifnaði þeirra, og sakir þeirra mun vegi sannleikans verða hallmælt.“ (II. Pjet. 2. 1.-2.) Í sama brjefi segir hann og: „Á hinum síðustu dögum munu koma spottarar með spotti, er framganga eftir eigin girndum og segja: Hvað verður úr fyrirheitinu um komu hans?“ (I. Pjet. 3. 3.-4.)

En hin játandi kirkja hefir kent og breytt eins og Kristur hefði sagt: „Þegar jeg kem aftur, munu flestir menn vera orðnir trúaðir“; og: „Þjer verðið elskaðir af öllum þjóðum vegna nafns míns“; eins og Páll hefði skrifað: „Á síðari tímum munu margir trúaðir bætast við og hafna allri villu“; eða „á síðustu dögum munu koma blessunarríkar tíðir, því að mennirnir munu verða orðnir sanntnúaðir, elskulegir lærisveinar frelsarans“, og „góðir menn og heilagir verða betri og betri, verða heilagir sjálfir og leiða marga á rjettan veg“; eins og Pjetur hefði sagt:

„Ágætir kennimenn verða á meðal yðar, er varast alla villu og vegsama herra sinn, sem keypti þá, og fjöldinn mun fylgja þeim að málum og sakir þeirra verður vegur sannleikans dásamaður“; eða „Á hinum síðustu dögum munu menn hætta að spotta og munu afneita holdlegum girndum. Þeir munu fagnandi vænta endurkomu Krists.“

En þetta hefir Kristur ekki talað, nje heldur postularnir. Játandi kristnir menn eiga að hætta að rangsnúa orðum þeirra og horfa á veruleikann, eins og hann kemur fram í orði Guðs og í ástandi heimsins.

„En,“ segja menn, „hjer ert þú að boða svartskýni og vonleysi! Með þessu telur þú kjarkinn úr öllum starfsmönnum Krists!“ Gagnstætt því! Það er satt, að vjer viljum fyrir alla muni láta bræður vora hætta að reyna að táldraga sig og telja sjer trú um það, sem alls ekki er sannleikanum samkvæmt; en bölsýni viljum vjer ekki heyra nefnda í þessu

sambandi.

Setjum svo, að verkfræðingur stæði fyrir neðan Gullfoss og segði við fáeina verkamenn sína: „Farið þið og stíflað þennan foss þarna!“ Þeir mundu horfa hver á annan í ráðaleysi, því að þeir eru alt of fáir, þeir hafa ekki vjalar eða tækni til verksins, og tíminn er alt of stuttur. Er ekki von, að þeir missi allan kjark og gefist bráðum upp í vonleysi?

En setjum svo, að verkfræðingurinn segði við þá: „Farið og safnið svo miklu fossvatni sem þið getið í þrær. Hjer eru fyrirsagnir um verkið. Vinnið að þessu, þangað til jeg kem aftur.“ Þá mundu þeir ekki hafa neitt tilefni til vonleysis. Þó að fossinn sje breiður og vatnsmagnið ægilegt, gera þeir það, sem þeim er mögulegt, til að hlýðnast fyrirskipunum verkstjórans.

Fossinn tákna hjer hinn ægilega straum mannasálna, sem koma inn í þennan heim, dvelja hjer litla stund og hverfa svo inn í eilífðina.

Kristur dó fyrir alla menn. Allir, sem heyra fagnaðarerindið um dauða hans og upprisu, og setja traust sitt á hann, verða hólpnir. Um afdrif þeirra, sem ekki fá tækifæri til að heyra orð fagnaðarerindisins, getum vjer ekkert sagt. Guð einn getur dæmt um þá, og hann er rjettlátur. En hann hefir falið söfnuði sínum að leiða sem flesta menn til sonar hans, að þeir megi hólpnir verða og tilheyra hinum mikla allsherjar söfnuði hans. Þetta er hlutverk lærisveina Krists, en hann hefir aldrei falið þeim að reyna að „kristna“ heiminn, síst af öllu með því að slaka til á kröfum fagnaðarerindisins um iðrun, afturhvarf og endurfæðing.

#### IV. ARFTAKAR POSTULANNA.

Af postulasögunni og brjefum nýja testamentisins lærum vjer, að hinir fyrstu kristnu lærisveinar fóru víðs vegar til að boða fagnaðarerindið, og stofnuðu kristna söfnuði eftir þeirri fyrirmynd, sem postularnir höfðu gefið þeim með dæmi sínu og kent í brjefum sínum.

Kenningarnar, sem þeir fluttu, — um komu sonar Guðs til jarðar, líf hans, dauða hans, upprisu hans og himnaför, — virtust heiðingjunum vera „eitthvað nýstárlegt“, eins og heimspekingarnir í Aþenuborg komust að orði, er þeir heyrðu ræðu Páls; og í fyrstu vöktu þær enga sjerstaka andúð hjá yfirvöldunum, sem litu á þær sem sjer óviðkomandi. Þó vöktu þær mikla mótstöðu hjá dýrkendum heiðinna goða.

Í borginni Antíokkíu fengu lærisveinarnir fyrst nafnið, sem haldist hefir síðan: „Í Antíokkíu voru lærisveinarnir fyrst kallaðir kristnir.“ (Post. 11. 26.)

Þetta er eina nafnið, sem Guðs orð heimilar. Lærisveinar Krists eiga því að forðast hvert annað heiti.

Heimsins börn hafa ávalt síðan gefið hinum kristnu ýmiss konar nöfn. Þau gera það enn til þessa dags. En verra er það, ef lærisveinarnir kannast við uppnefningu eða jafnvel taka sjer eitthvert heiti, sem greinir þá frá bræðrum þeirra. Kristur óskaði, að allir lærisveinar hans skyldu vera eitt, (Jóh. 17. 20.-22.), og ekkert miðar frekar til þess að greina kristna menn í flokka og staðfesta aðgreininguna, en sjerstök flokkanöfn. Þess vegna andmælti Páll postuli því rækilega, að Korintumenn höfðu tekið sjer flokkanöfn, er einn sagði: „Jeg er Páls“, en annar: „Jeg er Apollóss“ og hinn þriðji: „Jeg er Kefasar.“ (I. Kor. 1. 12. og 3. 4.)

Afrit af guðspjöllunum og brjefum postulanna voru gerð og eintökin útbreidd þar, sem menn höfðu tekið trú, og smám saman myndaðist nýja testamentið, eins og vjer þekkjum

það, í ýmsum þýðingum.

Það kom fljótt í ljós, að viðvaranir Krists og postulanna vegna fráfalls, sem getið var um í síðasta kapítula, voru ekki gerðar að óþörfu. Það var heldur ekki óþarft, að Jóhannes postuli áminti menn um að halda sjer stöðugt að „því, sem var í upphafi.“ (1. Jóh. 2. 24.; II. Jóh. 6.)

Páll áminti Þessaloníkumenn um að „standa stöðugir og halda fast við þær kenningar, er yður hafa kendar verið, hvort sem það er munnlega eða með brjefi frá oss.“ (II Þess. 2. 15.) Svo lengi sem lærisveinarnir gerðu þetta, og þar sem það var gert, varðveittist hrein kristin trú. En þar, sem menn lögðu áminningar postulanna á hilluna og hölluðust að einhverjum nýjum kenningum, þar opnaðist vegur fyrir alls konar villu, bæði í kenningum og í líferni trúaðra manna.

Páll postuli barðist, meðan hans naut við, gegn kenningum þeirra manna, sem litu á söfnuð Krists sem nokkurs konar endurskoðaða útgáfu af Gyðingdómnum og vildu láta mörg ákvæði og síði gamla sáttmálans halda áfram í hinum nýja. Á postulafundinum, sem lýst er í 15. kap. Postulasögunnar, var ákveðið, í eitt skipti fyrir öll, að kristnir menn, sem komnir voru af heiðnum þjóðum, ættu ekki að breyta eftir ákvæðum gamla sáttmálans.

Þrátt fyrir þetta hjeldu nokkrir áfram að kenna, að margt í gamla sáttmálanum væri enn í gildi, svo sem sjerstakar helgaðar og vígðar byggingar til að tilbiðja Guð í, sjerstök stjett presta til að ganga á milli Guðs og manna, sjerstök „messuklæði“, sem ekki mættu vanta við guðsþjónustu, og margt annað, sem engin heimild er fyrir í nýja testamentinu. Sú hugmynd gerði og vart við sig seinna, og óx með fjölgun játenda kristindómsins, að söfnuðurinn væri ríkið og ríkið væri söfnuðurinn, í hverju landi, sem mönnum tókst að koma kristni á, að nafninu til.

Þannig var það í Ísrael undir lög málinu; en ekki er flugufótur fyrir slíku í nýja testamentinu, eins og þegar hefir verið bent á í II. kapítula.

Sagan getur um tvo stórviðburði á fyrstu öld eftir fæðingu Krists, — þegar Rómaborg brann að mestu leyti árið 64, og þegar Jerúsalem var geryðilögð árið 70.

Eldur kom upp í Róm í júlímánuði 64 og átti upptök sín í hringleikhúsinu. Hvassviðri var, og innan skamms stóð borgin í björtu báli.

Tacitus, rómverskur sagnfræðingur, skýrir frá, að af fjórtán hverfum, sem borginni var skipt í, stóðu aðeins fjögur eftir óskemmd. Eldurinn geisaði í sex daga og sjö nætur. Nærri má geta, hvílik örvænting hafi gripið íbúana. Margir fórust í eldinum; þúsundir urðu heimilislausir.

Menn höfðu sterkan grun um, að í hefði verið kveikt af ásettu ráði. Alment var því trúað, að sjálfur Neró keisari hefði gefið þjónum sínum skipun um að kveikja í borginni. Víst er um það, að nokkrir menn voru staðnir að því, að útbreiða eldinn í staðinn fyrir að reyna að slökkva hann, og sögðust þeir hafa fengið skipun um það. Almanarómur hermdi, að Neró hefði staðið uppi á turni, þar sem hin brennandi borg blasti við sýn, og skemt sjer á meðan með því að syngja ljóð um eyðingu Trójuborgar og leikið undir á gítar!

Menn halda, að hinn hálfbrjálaði keisari hafi látið brenna borgina, í þeim tilgangi að endurbyggja hana aftur í stærri stíl og láta hana heita eftir sjer.

Hann gerði ráðstafanir til þess undir eins. En óánægjan óx svo meðal almúgans, að Neró varð að finna einhvern annan sökudólg til þess að losna við ábyrgðina sjálfur. Hann ljet þá sögu ganga út manna á meðal, að yfirvöldin hefðu komist að því, að hinir „kristnu“ væru sekir um íkveikjuna. Hann vissi sem sje, að þeir voru óvinsælir meðal Rómverja

vegna þess, að þeir fylgdu ekki heiðnum trúarsíðum þeirra; Gyðingum var líka illa við þá, af því að þeir höguðu sjer ekki eftir lögmálinu.

Þessi lygilegi rógburður heppnaðist, og þá hófst hin fyrsta mikla ofsókn gegn hinum kristnu. Mörgum var varpað í fangelsi, og Neró braut heilann um nýjar aðferðir til að taka þá af lífi, svo að múgnum yrði vel skemt! Utan um suma voru saumuð skinn villidýra og hundum sigað á þá. Aðrir voru klæddir í búninga, sem vax hafði verið borið í eða tjara eða annað eldfimt efni, og voru þeir síðan bundnir við staura í skemtigörðum Nerós og kveikt í þeim, sem kyndlum, meðan keisarinn og múgurinn skemti sjer.

Sagnfræðingum ber ekki saman um, hve lengi þessi ofsókn stóð yfir, nje heldur um það, hve mikið ofsóknir breiddust út til annarra landa. Þó er ástæða til að hugsa, að þær hafi haldið áfram, meðan Neró lifði, og breiðst út víða um Rómaveldi.

Fjórum árum eftir borgarbrunann var uppreist gerð gegn Neró, og hann framdi sjálfsmorð í eynd og örvæntingu.

Það sýnir, hve spillingin var á háu stigi hjá Rómverjum um þær mundir, að menn skyldu láta viðgangast svo lengi, að slíkur bófi sem Neró rjeði lofum og lögum í Rómarríki. Hann myrti stjúp-bróður sinn Britannicus, og til þess að þóknast einni frillu sinni ljet hann einnig myrða móður sína. Því næst drap hann konu sína, svo að hann gæti gifst frillunni. En hún uppskar eins og hún hafði sáð, því að Neró sparkaði í hana, meðan hún var ófrísk, og dó hún af því. Nú vildi hann eiga Antoníu, stjúpsystur sína, en hún vildi ekki eiga hann. Ljet hann svo drepa hana og giftast konu, sem hjet Statilía, eftir að hann hafði myrt eiginmann hennar! Hann ljet og taka af lífi marga góða borgara og rak aðra í útleð.

Af þessu fáum vjer hugmynd um hina hræðilegu spillingu, sem ríkti í rómverska ríkinu um það leyti, sem hin litla hjörð lærisveina Krists fór út til að boða fagnaðarerindi hans um hjálpræði og nýtt, hreint líf í heilagleika.

Árið 70 rættust orðin, sem Drottinn Jesús hafði talað um Jerúsalem, að „þeir dagar munu koma yfir hana, að óvinir hennar munu gera hervirki um hana og setjast um hana og þröngva henni á alla vegu; og þeir munu leggja hana að velli og börn hennar, sem í henni eru, og ekki skilja eftir stein yfir steini í henni.“ (Lúk. 19. 43.-44.) Rómverjar voru æfir yfir því, hve lengi Gyðingar vörðust, þegar öll von var fyrir löngu úti. Frá vori alt fram í september leituðust Rómverjar við að brjótast inn í borgina. Jósefus sagnfræðingur var viðstaddur umsátrið, í her Rómverja, og lýsing hans á þjáningum Gyðinga er hræðileg. Lærisveinar Krists höfðu minst spádóms meistara síns og forðuðu sjer út úr borginni í tíma. Þeir fóru til staðar, að nafni Pella, hinu megin Jórdanar og dvöldu þar, þangað til Rómverjar, á dögum Hadríans keisara (117—138) leyfðu þeim að setjast að aftur í rústum hinnar elskuðu Jerúsalem.

Þessir tveir stórviðburðir, — í Róm, höfuðborg hins veraldlega heimsveldis, og í Jerúsalem, höfuðborg hinnar útvöldu þjóðar Guðs, — breyttu viðhorfi kristinna manna til muna. Nú hafði það rættst, sem Hebreabrjefið hafði sagt fyrir, að hinn fyrri sáttmáli væri „að því kominn að verða að engu,“ (Hebr. 8. 18.), alt, sem minti á gamla sáttmálann, var gersamlega þurkað út. Eldsvoðinn í Rómaborg hafði orðið til þess að kveikja ofsóknareld gegn kristnum mönnum, sem hjelt áfram með nokkrum millibilum, í hálfu þriðju öld.

Frá síðustu árum fyrstu aldarinnar eftir Krists burð hefir varðveitst brjef, sem Klemens, öldungur í söfnuðinum í Róm, (mögulega, en ekki líklega, sá Klemens, sem getið er um í Filipp. 4. 3.) ritaði Korintumönnum, sennilega um árið 95. Það virðist engin ástæða til að halda, að brjef þetta sje falsað. Jóhannes postuli var enn á lífi, er það var skrifað, og höfundurinn hafði kynst bæði Pjetri og Páli.

Brjefið byrjaði þannig: „Söfnuður Guðs, sem býr í Róm, til safnaðarins, sem býr í Korintu.“ Hjer hafa söfnuðirnir ekkert sjernafn, en eru aðeins kendir við staðinn, þar sem meðlimir þeirra dvelja, eins og sjest líka í nýja testamentinu. Svona var það í upphafi, og þannig ætti það að vera enn. Klemens ritar um hinar hræðilegu pyntingar, sem jafnvel kvenfólk þeirra hefir orðið að þola. „En þær fullna skeiðið með stöðuglyndi, þrátt fyrir veikleika líkamans, og meðtaka heiðurslaun,“ bætti hann við. Það er ekki að sjá, að söfnuðurinn í Róm þykist hafinn að neinu leyti yfir söfnuðinn í Korintu. Klemens skrifar með auðmýkt: „Vjer skrifum eigi aðeins til að minna yður á skyldu yðar, en líka til að minna oss sjálfa á hana.“ Hann vitnar oft í gamla testamentið og tekur líka upp úr ritum nýja testamentisins.

Hann minnr lesendur sína á endurkomu Drottins; og segir ennfremur, að vegur hjálpræðis sje ekki fyrir visku eða góðverk vor, heldur aðeins fyrir trú.

Samt á trúarrjettlættingin aldrei að gera oss trega til góðra verka.

Hinn síðasti, sem þekt hafði nokkurn af postulunum persónulega, var vafalaust Polykarpus, safnaðarforstöðumaður í Smyrnu. Hann var lærisveinn Jóhannesar postula, og hafði líka þekt aðra, sem höfðu sjeð Drottin Jesúm. Hann ljét lífið sem píslarvottur á gamals aldri í Smyrnu, árið 156.

Þegar sendimenn yfirvaldanna komu til að handtaka hann, bauð hann þeim inn og bað um mat og drykk handa þeim. Síðan bað hann þá að leyfa sjer að fá eina stund til bænar, áður en þeir leiddu hann burt. Öldungurinn var þá kominn yfir nírátt, og þeir neituðu honum ekki um bæn hans.

Yfirvaldið virðist ekki hafa verið honum persónulega fjandsamlegt. Embættismaðurinn gerði það, sem hann gat, til að bjarga honum, og hann lagði fast að honum að sverja við nafn keisarans og lastmæla Kristi, þá skyldi hann undir eins vera látinn laus. Gamli maðurinn svaraði: „Áttatíu og sex ár hefi jeg þjónað honum, og hann hefir aldrei gert mjer annað en gott. Hvernig get jeg nú lastmælt honum, Drotni mínum og frelsara!“ Gyðingar og heiðingar hjálpuðust að við að safna viði, og Polykarpus var leiddur að staurnum. Þá bað hann upphátt og veggamaði Guð.

Polykarpus mun hafa líðið píslardauða árið 155 eða 156. Það er vitað, að hann skrifaði nokkur brjef til kristinna manna eða safnaða, en þau eru öll týnd nú, nema eitt til safnaðarins í Filippí. Það er svar við brjefi frá Filippímönnum, þar sem þeir leita ráða hans og biðja hann að senda sjer nokkur brjef, sem Ignatíus hafði skrifað. Ignatíus hafði nýlega látið lífið sem píslarvottur Krists. Polykarpus minnst þakksamlega á þjónustuna, sem Filippímenn veittu hinum látna píslarvotti, og sendir þeim þau brjef, sem hann á. Hann brýnir fyrir þeim að rannsaka með kostgæfni brjefið, sem Páll postuli skrifaði til þeirra, (sem er í nýja testamentinu), en harmar það, að hann komst sjálfur ekki eins langt í þekkingu og Páll postuli.

Hann hvetur þá til rjettlætis og guðrækni, kærleika og miskunnsemi og áminnr þá um að forðast ágirnd, baktal og hefndarhug. Hann minnst á ábyrgðina, sem hvílir á öldungum og djáknum, og á skyldur safnaðarins gagnvart þeim. Einnig endurtekur hann áminning Jóhannesar postula um að varast kennimenn þá, er neita holdtekju Guðs sonar, (sbr. I. Jóh. 4. 2.-3.).

Í brjefi þessu tekur Polykarpus upp orð úr tólf ritum nýja testamentisins. Meðal þeirra eru Efesusbrjefið og bæði brjefin til Tímóteusar, sem niðurrifsguðfræðingar vorra daga telja fölsuð. En þetta brjef frá Polykarpusi staðfestir gildi þeirra. Um þetta leyti voru nokkrir farnir að hallast að því, að gera einn mann að „biskupi“ í hverjum söfnuði; meðal þeirra



hafði jafnvel Ignatíus sjálfur verið.

En þó að Polykarpus tali vel um hinn látna samherja sinn og starf hans yfirleitt, ávarpar hann öldungana í Filippí, eins og Páll postuli gerði, í fleirtölu, og á sjáanlega enga samleið með þeim, er vilja setja upp einn biskup til að ráða öllu í söfnuðinum.

Hefði hann heyrt slíka tilskipun hjá Jóhannesi postula, lærimeistara sínum, hefði hann að sjálfsgöðu hlotið að benda Filippímönnum á hana, er þeir báðu hann um ráðleggingu og leiðbeiningu.

Ignatíus, sem var tilefni brjefaviðskipta þeirra Filippímanna og Polykarpusar, var safnaðar-umsjónarmaður í Antíokkiú snemma á 2. öld eftir Krist.

Brjefin, sem Filippímenn spurðu um, munu hafa verið skrifuð, meðan Ignatíus var á hinni löngu ferð til Rómaborgar, þar sem píslardauði beið hans.

Hringleikhúsið í Róm heimtaði æ fleiri fórnarlömb, til þess að svala blóðþorsta hins spilta lýðs; því var öldungur þessi fluttur alla leið þangað til að deyja.

Heiðinn sagnfræðingur einn getur um hinn mikla fjölda bandingja, sem fluttur var hvaðanæva í sama tilgangi á dögum Hadríans keisara.

Hinir tíu hermenn, sem gættu Ignatíusar, flýttu sjer sem mest þeir máttu til að komast til Rómar áður en leikirnir, sem þá stóðu yfir, væru á enda. Þeir komu síðasta daginn, og hinn þreytti hermaður Krists var leiddur tafarlaust inn á leiksviðið. Þar fjekk hann hvíld frá erfiði sínu. Honum er geymd píslarvættiskóróna.

Sjö af brjefunum, sem bera nafn hans, virðast áreiðanlega vera eftir hann. Í einu þeirra skrifar hann: „Heldur vildi jeg deyja fyrir Krist, en ríkja yfir öllum heimi!“ Mörg orðatiltæki í brjefum þessum sýna, að Ignatíusi var vel kunnugt um Jóhannesarguðspjall. Hann nefnir þrenninguna að minsta kosti tvisvar og leggur áherslu á guðdóm Krists. Það kemur í ljós, eins og áður er sagt, að Ignatíus hafi álitnið heppilegast að hafa einn „biskup“ yfir hverjum söfnuði, en hann reynir ekki að rjettlæta þessa skoðun sína með því að vitna í rit eða kenningar postulanna.

Milli 70 og 120 e. Kr. mun brjef hafa verið ritað, sem sagt er vera eftir Barnabas, starfsbróður Páls postula. En mikið er deilt um, hvort það sje í raun og veru hans verk. Sumt í því virðist áreiðanlega benda til þess, að það sje ekki. Til dæmis; brjefið lýsir ókunnugleika á lögmáli Gyðinga og síðum prestanna, sem óskiljanlegur er hjá Levíta, — en Barnabas var Levíti (Post. 4. 36.), í þessu brjefi er samt margt gott. Höfundurinn játar guðdóm Krists og segir, að hann hafi, ásamt föðurnum, skapað alla menn. Hann segir einnig, að kristnir menn „halda hinn áttunda dag með fögnuði, — daginn, sem Jesús reis upp aftur.“ Hann telur villu, að halda hinn gyðinglega hvíldardag. Hann vitnar í Matteusar- og Jóhannesar guðspjall, Postulasöguna og síðara brjef Pjeturs.

Annað rit stafar hjer um bil frá sama tíma, sem ber titilinn: „Kenning Drottins fyrir hönd hinna tólf postula, heiðingjunum til handa“. Það var vanalega kallað „didakí“ (kenning). Menn vissu, að þetta rit hafði verið til, vegna þess að vitnað er til þess í öðrum ritum, en um þúsund ár var það óþekt, þar til er eitt eintak af því fanst, árið 1873, í gömlu klaustri í borginni Miklagarði.

Málfræðingar segja, að orðalagið í riti þessu sje líkast orðalagi nýja testamentisins af öllum ritum frá fyrstu öldinni eftir Krists burð. Hvergi er sagt í ritinu, að það sje eftir postulana sjálfa, en það segist flytja kjarna kenninga þeirra meðal heiðingja, sem snúa sjer til Krists.

Höfundurinn mun hafa verið af gyðinglegum uppruna, því að hann talar um föstudag sem „aðfangadag“, eins og Gyðinga var síður, og kemur það sex sinnum fyrir í

guðspjöllunum. Hann vitnar 22 sinnum í Matteusar guðspjall, einnig í Lúkasar guðspjall, í brjef og guðspjall Jóhannesar, í Postulasöguna, Rómverjabrjefið og síðara brjefið til Þessaloníkumanna.

Ritið byrjar þannig: „Til eru tveir vegir, annar lífsins og hinn dauðans, og mikill er munurinn milli þessara tveggja vega.“ Þannig koma fram hinar skýru og hreinu línur, sem postularnir drógu ávalt í kenningum sínum, og er þetta mjög frábrugðið þeim kenninga-hrærigraut, sem síðar meir gerði lítið úr greinarmuninum milli ljósins barna og myrkursins, milli endurfæddra og óendurfæddra, milli barna Guðs og barna djöfulsins. „Didakí“ þessi er mjög mikils virði, er hún bæði sýnir, hvernig postularnir kendu upphaflega, og ber þó kennimerki þess að einhverju leyti, að menn voru þá farnir smám saman að hallast að „háskirkjulegum“ siðum, reglugerðum og formum. Þetta er nákvæmlega eins og Drottinn Jesús sagði fyrir. Og minnir oss líka á orð Páls postula við Efesus-öldunga:

„Jeg veit, að inn munu koma til yðar eftir burtför mína ólmir vargar, sem eigi þyrma hjörðinni. Og úr yðar eigin hóp munu rísa upp menn, er fara með rangsnúna lærdóma, til þess að teygja lærisveinana á eftir sjer.“ (Post. 20. 29.-30.)

Mjög rík áhersla er lögð á hreint siðferði lærisveinanna og heilagt dagfar í orði og verki. Lauslæti og föstureyðingar eru stranglega bannaðar. Brýnd er fyrir mönnum hógværð, auðmýkt og sannsögli og varað við öfgum. Um skírnina er sagt, að sá, sem skírn tekur, á fyrst að heyra þessar áminningar lesnar upp, og síðan vera skírður til nafns föðurins, sonarins og heilags anda, helst í „rennandi vatni“.

Hvergi er minnst á skírn ómálga barna. Um kvöldmáltíðina er rætt sem væri hún minning, sem leiðir hug manna til líkama og blóðs Drottins Jesú. En hvergi kemur efnishyggjan fram, sem leiddi menn síðar meir til að hugsa um brauðið og vínið bókstaflega sem hold og blóð frelsarans. Enginn óskírður mátti neyta kvöldmáltíðarinnar.

Reglur eru settar um þjóna Drottins. Sá, sem sjáanlega starfar í hagsmunaskyni, er talinn falsspámaður. Ef hann biður um peninga eða annað, „þá skuluð þjer ekki hlusta á hann.“ En ef hann biður um gjafir handa þeim, sem eru í neyð, skal enginn dæma hann.

Á „Drottins degi“ eiga lærisveinarnir að koma saman til að „brjóta brauðið“ (sbr. Post. 20. 7.). (Það var þá ekki á hvíldardegi Gyðinga.) En enginn mátti koma, sem ósáttur er við vin sinn, fyr en þeir hafa sætst.

Ritið endar á því, að minst er á fráfallið, sem mun koma á hinum síðustu dögum, og það hvetur lærisveinana til að vaka, því að þeir vita ekki, hvenær Drottinn vor kemur.

Að öllu athuguðu sýnir þetta rit, sem sennilega var skrifað um fyrstu aldamótin eftir Krists burð, að nýja testamentið, eins og vjer þekkjum það nú á dögum, hefir verið í höndum kristinna manna stuttu eftir daga postulanna, svo að vjer höfum enga afsökun, ef vjer fylgjum því ekki trúlega, „sem var í upphafi“.

Tertullian, (c. 160—230 e. Kr.) var lærður maður, sem tók kristna trú, er hann var um þritugt. Hann skrifaði mörg fræg rit. Í einu þeirra, rituðu um 197 e. Kr., fordæmdi hann tvenns konar nýbreytni, sem farin var að gera vart við sig meðal kristinna safnaða. Önnur villan var að skíra hina framliðnu, hin að skíra ungbörn. Þetta er fyrsta sinn (nærri tveimur öldum eftir fæðingu Krists), sem ungbarnaskírn er nefnd á nafn í ritum kirkjufæðranna, en auðvitað er hún hvergi nefnd í ritningunni. Orsök þessarar villu mun hafa verið villukenning sú, er smeygði sjer inn í kristnina á annari öld eftir Krist, að menn endurfæddust í skírninni. Um sama leyti breiddist út sú villa, að brauðið og

vínið í kvöldmáltíðinni breyttust fyrir kraftaverk hvert sinn, er kvöldmáltíðin fór fram, bókstaflega í líkama og blóð Krists. Það var ekki nema eðlilegt, að þetta svonefnda kraftaverk, sem var auðvitað ekkert annað en blekking, gæfi þeim, sem framkvæmdi það, aukið vald og álit hjá almúganum. Með tímanum varð þetta mikil freisting valdþyrstum mönnum, sem gátu þannig fengið ókeypis andlegt vald, ekki ósvipað því, sem Símon töframaður bauð Þjetri postula fje fyrir.

Tertullian skrifaði: „Það er alls ekki hlutverk trúarinnar að neyða menn með valdi til að trúa. Menn eiga að taka trú af frjálsum huga, ekki vegna þvingunar.“ Hann var og höfundur setningar, sem oft er vitnað til: „Blóð píslarvottanna er útsæði kirkjunnar.“ Origen (185—254) var sonur ágæts manns í Alexandríu að nafni Leonídas og lærði hjá föður sínum að lesa og elska heilaga ritningu. Þegar hann var 17 ára, var föður hans varpað í fangelsi vegna trúar sinnar. Vildi Origen þá fyrir alla muni gefa sig fram, til þess að honum yrði einnig varpað í fangelsi, svo að hann gæti liðið með föður sínum.

Móðir hans kom í veg fyrir það með því að fela fötin hans. Leonídas var dæmdur til lífláts og dó sem píslarvottur Krists. Varð þá Origen fyrirvinna móður sinnar og sex yngri bræðra. Hann skaraði fram úr sem kennari og varð brátt víðkunnur.

Vegna ofsókna varð hann að flýja til Gyðingalands og dvelja þar um tíma. En gáfur hans og ritverk vöktu mikla athygli og drógu marga lærða menn til hans til að hlusta á skýringar hans á heilagri ritningu. Biskupinn í Alexandríu, Demetríus að nafni, fylltist vandlæti, er hann frjetti, að „óvígður“ maður væri að kenna, jafnvel lærðum „biskupum“, og hann skipaði honum að hverfa aftur til Alexandríu, og það gerði Origen. Seinna bannfærði þessi biskup hann. Origen dó árið 254 af afleiðingum pyndinga, sem hann hafði þolað nokkrum árum fyrr vegna trúar sinnar.

Þessi gáfaði kennimaður virtist skilja vel kenningar Krists og postula hans, því að hann leit þannig á kirkju Krists, að allir þeir, sem höfðu reynt kraft Krists í lífi sínu, tilheyrðu hinum sanna söfnuði Krists, og engir aðrir. Hefðu menn aðeins haldið sjer að þessum grundvallarsannleika nýja testamentisins, hefði saga kristinnar orðið ólíkt bjartari, en raun hefir á orðið.

Jústín, sem vanalega er auknefndur „píslarvottur“, var fæddur um 100 e. Kr. Hann aðhylltist fyrst Stóuspeki (sjá Post. 17. 18.), síðan kenningar Platós.

Hann var einn af mörgum, sem vöknudu af syndasvefninum og tóku að leita Krists, við það að horfa á píslarvættisdauða kristinna manna. Í Kristi fann hann hvíldina, sem hann hafði lengi þráð, og hann beitti sínum miklu gáfum í þjónustu hans. Fjögur trúvarnarrit skrifaði hann. Hann ávann sjer auknefni sitt um árið 165, er hann, ásamt sex öðrum, var húðstrýktur og síðan hálshöggvinn fyrir þá sök, að hann vildi ekki afneita Drotni Jesú Kristi og færa heiðnum goðum förn.

Rómverski keisarinn, sem gefið hafði út skipunina um, að kristnir menn ættu að hreppa þennan dóm, var Markús Árelíus, sem rjeði ríkjum frá 161 til 180. Þessi keisari var rithöfundur mikill og skrifaði margt fallett, sem enn til þessa dags vekur aðdáun ýmissa bókmentamanna. Þrátt fyrir það gerði hann sig sekan um líflát margra saklausra manna. Morð Polykarpusar, Írenæusar og Jústíns voru framkvæmd á hans ábyrgð. Af þessu lærurum vjer, að jafnvel hin háleitasta speki heiðinnar getur ekki frelsað menn frá illum hvötum þeirra, nje gefið þeim kraft til að breyta í samræmi við það, sem þeir vita sannast og best.

## V. SÚRDEIGIÐ.

Ofsóknir gegn kristnum mönnum byrjuðu á dögum Nerós keisara, eins og skýrt hefir verið frá, hjöðnuðu niður aftur eftir dauða hans árið 68, en hófust að nýju, er Domítían kom til valda (81).

Þær hjeldu áfram meir eða minna óslitið til ársins 180, þá varð stutt hlje. Aftur byrjuðu þær 193 og hjeldust til 211. Síðan varð aftur hlje til 235. Þá hjeldu þær áfram með stuttum millibilum, þangað til þær náðu hámarki sínu, meðan Díókletían rjeði ríkjum (284-305).

En þegar Díókletían andaðist, tók Konstantínus við völdum (306). Var hann að nafninu til kristinn og gaf út skipun, undir eins og hann náði fullri keisaratign, að allar ofsóknir gegn kristindómnum ættu að hætta með öllu. Þetta var árið 312. Ári síðar gaf hann út lagaskipun þá, sem kend er við Mílanóborg, að allir borgarar mættu iðka þá trú, sem þeim sjálfum líkaði.

Konstantínus dó árið 337, og eftir nokkur ár kom afturkippur, er Júlían „trúvillingur“ tók við völdum árið 361. Hann vildi innleiða heiðindóminn að nýju. Honum tókst það ekki, enda dó hann árið 363.

Eftirmaður hans, Jóvían að nafni, staðfesti að nýju lög Konstantínusar. Hann dó árið eftir, að hann tók við ríkjum, en kristindómurinn hjelt nú velli, þar til Þeódósíus keisari (378—395) gerði kristnina að hinnu viðurkendu ríkistrú. En eftir dauða hans klofnaði rómverska ríkið í tvent, og þá klofnaði hin svonefnda ríkiskirkja auðvitað líka í tvent.

Rit nokkurra þeirra, sem hjer hafa verið nefndir „arftakar postulanna“, báru vott um, eins og bent hefir verið á, að ýmis konar nýbreytni væri smám saman að smeygja sjer inn í kristnina.

Það fór eins og Kristur spáði, er hann sagði:

„Margir falsspámenn munu rísa upp og leiða marga í villu“, „kærleikur alls þorra manna mun kólna“, (Matt. 24. 11.—12.); eins og Páll postuli líka spáði: „sumir munu ganga af trúnni, er gefa sig að villuöndum og lærdómum illra anda“, (I. Tím. 4. 1.), og að menn munu „hafa á sjer yfirs kyn guðhræðslunnar, en afneita krafti hennar“, (II. Tím. 3. 5.); eins og Pjetur postuli spáði: „falskennendur munu smeygja inn háskalegum villukenningum“. (II Pjet. 2. 1.); eins og Jóhannes postuli spáði:

„Eins og þjer hafíð heyrt, að andkristur kemur, þá eru nú einnig margir andkristar komnir fram“, (I. Jóh. 2. 18.). Súrdeigið var falið í mjölinu, og svo fór, að „það sýrðist alt saman“, (Matt. 13. 33.).

Í heilagri ritningu táknar „súrdeig“ æfinlega það, sem er ilt og saugar frá sjer, sem Guðs börn eiga að hreinsa burt, bæði undir gamla sáttmálanum og hinum nýja. Er Ísraelsmenn hjeldu páska í fyrsta sinn, um leið og þeir losnuðu fyrir fult og alt við þrældóm Egípta, var gefin út ströng skipun um, að „flytja súrdeig burt úr húsum yðar“, „súrdeig skal ekki finnast í húsum yðar“, „súrdeig má ekki sjást nokkurs staðar hjá þjer innan þinna landamerkja. (II. Mós. 12. 15. og 19.; 13. 7.) Engin matfórn skyldi færð Drotni, gerð úr sýrðu deigi, (III. Mós. 2. 11.). Kristur varaði postulana við „súrdeigi“ Faríseanna og Saddúkeanna, og þjer skildu, að hann átti við kenningu þeirra. (Matt. 16. 6. og 12.) Páll postuli ritaði Korintumönnunum: „Hreinsið burt gamla súrdeigið“, og talaði um „súrdeig ilsku og vonsku.“ (I. Kor. 5. 7.-8.) Í sambandi við villukenningar, sem menn breiddu út meðal Galatamanna, sagði postulinn: „Lítið súrdeig sýrir alt deigið.“ (Gal. 5. 8.-9.)

Það er því skiljanlegt, að þeir, sem vilja „fara rjett með orð sannleikans,“ líti á „súrdeig“ í ritningunni sem tákn þess sem saugar og skemmir út frá sjer í kyrþey, uns alt umhverfis er orðið skemt. Í sama kapítula og dæmisagan um súrdeigið, (Matt. 13.) er einnig dæmisaga um „illgresið meðal hveitisins.“ Það, sem illgresið er í hveitinu, er súrdeigið í mjölinu, enda benda báðar dæmisögurnar í sömu átt, — að óvinurinn muni leitast við, að saurga og skemma ávöxtinn af sæði því, sem sáðmaðurinn góði (Kristur) sáir í reit mannheimsins.

Því verður ekki neitað, að þessi túlkun standi nákvæmlega heima við það, sem saga kristinnar hefir leitt í ljós. Hver er svo djarfur, að hann þori að staðhæfa, að kristindómurinn hafi varðveitst hreinn og ómengaður eins og hann kom frá hendi Krists og postula hans? Eða að „illgresi“ hafi ekki gert vart við sig, og að ekki hafi borið á saurgandi áhrifum súrdeigsins?

Margir telja verk Þeódósíusar keisara (378—395), er hann gerði kristnina að viðurkendri ríkistrú, mestu ógæfu, sem komið hefir fyrir í sögu kristinnar. Alt að dögum Konstantínusar keisara játuðu fáir menn kristna trú, nema þeir, sem höfðu fyrir alvöru breytt um lífsstefnu og vildu af einlægu hjarta fylgja Kristi. En Þeódósíus var ekki eins frjálslyndur og Konstantínus, sem vildi láta menn iðka þá trú, sem þeir sjálfir vildu. Hann gekk miklu lengra. Hann bannaði allan annan átrúnað en kristindóm og skipaði með valdboði, að allir skyldu verða kristnir, nauðugir viljugir.

Þessi skipun var auðvitað andstæð kenningum Krists og anda kristindómsins. Nú fyltust kirkjurnar óendurfæddu fólki, sem var í hjarta sínu heiðið eftir sem áður, og kirkjan varð að stofnun þjóðmálalegs eðlis, frekar en andlegs. Á ríkisárum Þeódósíusar gerðu nafnkristnir menn sig seka í sams konar glæpum og heiðingjar áður fyr og sýndu, að þeir væru ekki annað en heiðingjar undir nýju nafni.

Þeir rjæðust á heiðnu hofin, brutu þau niður og drápu þá, sem veittu mótstöðu. Nú var kominn skriður á fráfallið, sem nýja testamentið sagði fyrir.

Fyrst hin keisaralega skipun krafðist þess, að allir undantekningarlaust ættu að verða „kristnir“, þá auðvitað áttu ómálga börn að verða það. Sú villa, sem þegar var farið að brydda á, að menn mættu taka skír, áður en þeir tóku trú, fjekk þannig byr undir báða vængi. Þúsundir á þúsundir ofan flyktust inn í hina kristnu söfnuði. Yfirgnæfandi meiri hlutinn í flestum söfnuðum var heiðinn. Þetta var ekki sigur kristindómsins, heldur sigur heiðninnar.

Með tímanum urðu söfnuðirnir nær því alstaðar gagnsýrðir af alls konar villum frá heiðninni.

Það hefir á öllum tímum og hjá öllum þjóðum verið afar erfitt að koma fólki til að leggja niður hátíðasiði eða breyta þeim verulega. Það, sem einu sinni er orðið rótgróið, er nær því ómögulegt að uppræta. Þar sem allur þorri manna í söfnuðunum var af heiðnum uppruna og hafði aðeins gerst nafnkristinn vegna lagaboðs keisarans, var auðvitað ógerlegt að fá fólkið yfirleitt til að hætta við sína gömlu hátíðasiði. Þess vegna voru mörgum ævagömlum hátíðum heiðingjanna gefin kristileg heiti, svo að fólkið gæti haldið áfram eftir sem áður að halda þær.

Hátíð ein, til dæmis, var haldin víða hinn 25. desember ár hvert í tilefni af því, að sólin „fæddist“ þá að nýju, og dag tók að lengja. Þessi hátíð var heimfærð upp á fæðingu frelsarans. Guðspjöllin geta ekkert um það, á hvaða tíma Kristur fæddist. Þó er þess getið í guðspjöllunum, að fjárhirðar gættu hjarðar sinnar um nótt, þá nótt er hann fæddist. Það er vitanlegt, að fjárhirðar í Júdeu gættu ekki hjarða sinna í haganum, að nóttu til, seinna

en í októbermánuði. Það er líka óhugsanlegt, að karlar, konur og börn væru látin ferðast til ættborga sinna til skrásetningar um hávetur! Hve vont er að ferðast þar í landi um hávetur, sjest á orðum Krists við lærisveinana: „Biðjið, að flótti yðar verði ekki um vetur.“ (Matt. 24. 20.) Ef það var örðugt fyrir lærisveinana að ferðast um vetur, þá var það líka örðugt fyrir konur og börn, og er það því harla ólíklegt, að almenn skipun um „að skrásetja skyldi alla heimsbygðina“ hafi verið framkvæmd um hávetur! Frumsöfnuðirnir hjeldu ekki upp á neinn dag sem fæðingardag frelsarans, og það finst ekki eitt orð í ritum „feðranna“ um slíka hátíð fyr en á 3. öld eftir Krist, og það var ekki fyr en seint á fjórðu öld, að menn fóru yfirleitt að „halda jól“. Það er því álitíð sannað mál, að hátíðarhald þessa dags sje af heiðnum rótum runnið, en ekki kristnum. Drottinn gaf lærisveinum sínum skýra skipun um, að halda skyldi minninguna um dauða hans, og frá henni er sagt í guðspjöllum Matteusar, Markúsar og Lúkasar, og í I. Korintubrjefinu. Aftur á móti er ekki eitt orð í nýja testamentinu um að halda eigi minningu fæðingar hans eða að frumsöfnuðirnir hafi gert það, enda veit enginn, á hvaða degi hann fæddist. Guði hefir ekki þóknast að opinbera oss það.

Í sambandi við stefnubreytingu kirkjuleiðtogganna á 3. og 4. öld eftir Krist ritar fornfræðingurinn Sir James Frazer í hinni frægu bók sinni um trúarlega þjóðsiði („The Golden Bough“), 361. bls.: — „Að öllu athuguðu sjest það, að hinar kristnu og heiðnu hátíðir eru of líkar og eiga of margt sameiginlegt til þess að hjer geti verið um tilviljun að ræða.

Þetta sýnir, að kirkjan neyddist, jafnvel í sigri sínum, til að gera tilslökun við sína sigruðu en þó enn hættulegu keppinauta. Í staðinn fyrir ósveigjanleg mótmæli hinna fyrstu trúboða, sem andmæltu heiðnum siðum með brennandi vandlæting, komu nú hin undanlátssama stjórnvíska, hið hæga umburðarlyndi, hin alfaðmandi góðsemi slægra klerka, sem gerðu sjer það ljóst, ef kristnin ætti að sigra heiminn, að hún gæti ekki gert það, nema með því að slaka á hinum of ströngu kenningum höfundar hennar og víkka dálítið mjóa hliðið, sem til lífsins leiðir.“

Þetta er dómur óvilhalls fræðimanns, sem manna best hefir rannsakað trúarbrögð fornþjóðanna um heim allan. Ummæli hans sýna, hve margt ilt leiddi af villukenningunni, að lærisveinar Krists eigi að „sigra heiminn“ með því að gera heiðingjana kristna að nafninu til, (sbr. 3. kap.) Þeir þóttust gera heiðingjana kristna, með því að slaka á kröfum Krists og fagnaðarerindisins, en í raun og veru gerðu þeir kristnina heiðna! Þeir drýgðu hina sömu synd og Ísraelsmenn drýgðu forðum, er þeir tóku upp að nokkru leyti siði heiðingjanna, sem í kring um þá bjuggu, og sem beinlínis olli því, að Guð ofurseldi þá heiðnum höfðingjum, og þeir voru herleiddir í þrældóm til fjarlæggra landa.

Í Postulasögunni (27. kap.) finst nokkurs konar dæmisaga, sem sýnir afdrif þeirrar stofnunar, sem bókin fjallar um, eins og í skuggsjá. Þeir, sem rjeðu ferðinni, sem þar er lýst, neituðu að fara að ráðum Páls postula, og afleiðingin var sú, að skipið lenti í hrakningum. Um tíma sást hvorki til sólar nje stjarna. Þá kom að því, að menn fóru að gefa gaum að orðum Páls postula að nýju. Þá urðu orð hans öllum til huggunar á erfiðustu stundunum. Skipið brotnaði loks í spón, en farþegarnir komust til lands: „sumpart á plönkum, sumpart á einhverju úr skipinu. Og þannig tókst það, að allir komust heilir til lands“.

Nú vita allir, að hinir kristnu söfnuðir fóru smám saman að yfirgefa náðarboðskap þann, sem Páll postuli flutti, um rjettlæting fyrir trú án verðskuldunar. Eins og skipsmönnnum í Postulasögunni þótti höfnin við Góðhafnir „óhentug“ og vildu finna hentugri stað, þótti

kirkjuleiðtogum „óhentugar“ hinar ströngu kenningar postulans og leitust við að finna hentugri leið til að vinna fólkið. En afleiðingarnar voru afskaplegar, eins og á sjóferðinni. Á miðöldunum var þreifandi myrkur, andlega talað, („hvorki sást til sólar nje stjarna marga daga“ á sjóferðinni). Áhöldum skipsins var kastað út, á sjóferðinni, og víst er um það, að kirkja Krists misti ósegjanlega mikið af andlegum verðmætum á tímum miðaldamykursins.

En svo fóru menn, á dögum Marteins Lúters, að íhuga orð og kenningar Páls postula að nýju. Allir vita, að það voru einkum brjef hans í nýja testamentinu, sem höfðu mest áhrif á Lúter og siðbótarmennina.

Eins og skipið tók að „liðast sundur“ í sjóferðinni, eins hefir hinn kristni söfnuður liðast sundur í marga flokka. Og þó að skipið sjálft farist, komast menn fyrir Guðs náð í land, „sumpart á einhverju úr skipinu“. Þannig munu allir, sem sannarlega trúá frelsarann, komast í höfn Guðs. Margir „plankar“ úr skipinu flytja þá í land, og hjer munu „plankar“ tákna smærri flokka trúaðra manna, sem flytja mönnum hjálpræðisboðskapinn og hjálpa þeim í land, þó að skipið sjálft hafi liðast sundur, eins og Kristur og postularnir sögðu fyrir.

Það er gersamlega óskiljanlegt, að höfundur Postulasögunnar, leiddur af Heilögum Anda, skyldi eyða tímanum í það, að lýsa svona ítarlega sjóferð þessari, hafi hún ekki gildi sem spádómur um framtíð „postulaskipsins“. Hann fer fljótlega yfir sögu allra hinna mörgu sjóferða postulans, getur þeirra varla einu orði, en nemur staðar við þessa einu ferð og gefur þessa nákvæmu lýsingu á henni. Af því getum vjer vitað, að sagan á að kenna oss eitthvað annað en siglingafræði.

Nú getur einhver spurt: „Gerir það mjög mikið til, þó að menn bættu við nokkrum trúarsíðum, sem heiðingjum var ljúft að halda? Var ekki tilganginum náð, ef síðirnir mintu þá á hið kristilega?“

Sá, sem þekkir mannlegt hjarta betur en allir spekingar á jörðu, hefir lýst því yfir í orði sínu, að það sje á móti vilja hans, að menn geri þetta. Fyrst hann elskar mennina, hlýtur það að vera vegna þess, að mennirnir hafa ilt af slíku. Það er reyndar ekki erfitt fyrir óhlutdrægan mann, sem er fyrir fram ákveðinn fylgismaður þessara viðbótasiða, sem smeygðu sjer inn í kristnina, að sjá, hversu mikið ilt þeir hafa leitt af sjer og leiða enn. Guð hefir gefið oss gamla testamentið, ekki aðeins til að flytja oss spádóma um komu Krists og endurkomu, heldur og til að fræða oss um afdrif hinnar útvöldu þjóðar hans, er hún yfirgaf boð og skipanir Drottins og tók upp síði heiðinna þjóða í nágrenni hennar. Það var einmitt vegna þessa fráfalls, að Guð varð að yfirgefa ísraelsþjóðina um stundar sakir og láta hana fara herleidda til fjarlæggra landa.

Hver, sem les með athygli sögu ísraelskonunga í Konungabókunum tveimur, hlýtur að taka eftir því, að syndin, sem allir hinir vondu konungar eru sakaðir um, var sú, að þeir drýgðu syndir þær, sem Jeróbóam konungur drýgði fyrst, og fetuðu í fótspor hans. Ekki færri en seytján sinnum er þetta tekið fram í Konungabókunum, og er það heimfært upp á fjórtán konunga. Árin komu, árin liðu hjá; konungar dóu og nýir konungar komu í þeirra stað; en hjá öllum þeim, sem voru Drottni vanþóknanlegir, er sökin hin sama. Um hina fyrstu konunga er sagt, að þeir „fetuðu í fótspor Jeróbóams og drýgðu þær syndir, er hann hafði drýgt og komið Ísrael til að drýgja“. En um síðari konungana, að þeir „Ljetu eigi af syndum Jeróbóams, er hann hafði drýgt og komið Ísrael til að drýgja“. Þessir síðari konungar hefðu átt að yfirgefa syndir þær, sem tíminn og vaninn höfðu helgað, en þeir gerðu það ekki. Synd þeirra var því talin eins og synd hinna fyrri

konunga.

Það er ritað í II. Konungabók: „Jeróbóam tældi Ísrael til að snúa sjer frá Drottni og kom þeim til að drýgja mikla synd. Og Ísraelsmenn drýgðu allar sömu syndirnar, sem Jeróbóam hafði drýgt; þeir ljetu eigi af þeim; þar til er Drottinn rak Ísrael burt frá augliti sínu, eins og hann hafði sagt fyrir munn allra þjóna sinna, spámannanna. Þannig var Ísrael herleiddur burt úr landi sínu til Assýríu og hefir verið þar fram á þennan dag.“ (17. 21.-23.)

Hver var nú hin mikla synd Jeróbóams konungs, sem eftirmenn hans öpuðu eftir og fengust ekki til að yfirgefa? Frá henni er sagt í I. Kon. 12. 27.-33.

Þar stendur, að Jeróbóam hafi hugsað með sjer, hvaða ráðstafanir hann skyldi gera til þess að hæna menn að hinu nýja ríki sínu og gera þá að hollum þegnum. Aðalatriðið hjá honum var ekki, hvað Drottinn hafði skipað, heldur, hvernig hann gæti náð sínum pólitíska tilgangi. Hann hugsaði líkt og leiðtogar kristninnar hugsuðu mörgum öldum seinna, eins og skýrt hefir verið frá. Hann innleiddi nýja trúarsíði eftir fyrirmynd heiðingjanna, „gerði að prestum óvalda menn“ og stofnaði hátíð, „er hann hafði ákveðið af eigin geðþótta til hátíðahalds fyrir Ísraelsmenn“.

Þetta var erkisyndin, sem Drottinn dæmdi hjá öllum þessum konungum. Hann sendi að visu þjóna sína, spámennina, til að áminna þjóðina um margar aðrar syndir, sem voru ávöxturinn af þessari synd.

En hann lagði öxina „að rótum trjáanna“, eins og Jóhannes skírari komst að orði, er hann fyrirdæmdi þessa höfuðsynd, því að af henni spruttu ótalmargar aðrar syndir.

Þegar Drottinn Jesús átti í höggi við Farísea og fræðimenn sinna tíma, var þungamiðja ákæru hans þessi: „Hví brjótið þjer boðorð Guðs vegna erfikenninga yðar? Hræsningar, vel hefir Jesaja spáð um yður, er hann segir: Lýður þessi heiðrar mig með vörunum, en hjarta þeirra er langt í burtu frá mjer; og til einskis dýrka þeir mig, er þeir kenna lærdóma, sem eru manna boðorð.“ (Matt. 15. 3.-9.; samanber Jesaja 29. 13.—14.)

Ó, að allir þeir menn, sem fylgja lærdómum, sem eru aðeins manna boðorð, vildu láta þessi alvarlegu orð frelsarans sökkva niður í hjörtu sín. „Til einskis!“ „Til einskis!“ „Til einskis dýrka þeir mig!“

Þetta sagði Drottinn sjálfur. Oss er því brýn nauðsyn á að rannsaka kostgæfilega, hvort vjer sjeum að fylgja manna boðorðum, eða aðeins hinum skýru kenningum Krists. Meðal þeirra nýjunga, sem komust inn í kristnina á fráfallstímanum, en ekki voru heimilaðar í nýja testamentinu, var stofnun prestastjettar, að nokkru leyti í líkingu við presta Gyðinga samkvæmt lögmálinu og að nokkru leyti eftir fyrirmynd heiðinna trúarsíða. Í nýja testamentinu finst hvergi heimild fyrir sjerstakri stjett presta í söfnuði Krists. Aðeins er þar getið um presta í þeirri merkingu, að allir trúaðir menn sjeu prestar Guðs. Kristur sagði ekki eitt orð, sem gæti gefið tilefni til prestastjettar. Vjer lesum í Postulasöggunni, að „mikill fjöldi presta gekk til hlýðni við trúna,“ (6. 7.), en eftir að þeir urðu lærisveinar Krists, lesum vjer ekkert meira um þá sem presta. Þeir hættu að vera prestar gamla sáttmálans, en urðu prestar Guðs eins og allir aðrir lærisveinar Krists. Tvisvar í brjefum nýja testamentisins er gefin skrá yfir þjóna Guðs í söfnuðinum (I. Kor. 12. 28. og Efes. 4. 11.), en þá eru prestar hvergi taldir með. Þeir voru ekki til í frumsöfnuðinum sem sjerstök stjett.

Það er skýrt tekið fram í Hebr. 8. 4., að væri sjálfur Kristur enn á jörðu, „mundi hann alls ekki vera prestur“. Það er því ekki ástæða til að halda, að nokkur, sem vill feta í fótspor hans, geti með góðri samvisku tekið á sig að vera það, sem jafnvel Kristur mundi ekki



vera. Slíkt embætti þektist alls ekki í kristninni fyr en tveim öldum eftir Krist. Kristur leyfði ekki, að söfnuði hans yrði skipt í stjettir og flokka. Hann bannaði, að nokkur skyldi taka sjer titil, sem gerði hann öðrum hærri, „því að einn er yðar meistari; en þjer eruð allir bræður.“ Í söfnuði Krists er ekki nema ein stjett. Oft heyrast það viðkvæði hjá þeim, sem halda fast við kenningar og siðvenjur, sem óheimilar eru: „Ef eitthvað er ekki bannað í Guðs orði, þá er það leyfilegt.“ Það er bæði heimskuleg og hættuleg afstaða gagnvart hinum himneska húsbónda vorum, að telja sjer leyfilegt alt, sem manni getur dottið í hug, sje það ekki blátt áfram bannað! Guð hefir sýnt, hvernig hann lítur á þennan hjúp, sem menn reyna að draga yfir óhlýðni sína. Hann gaf Ísraelsmönnum ítarlegar skipanir um tilhögun guðspjónustu þeirra, en fyrsta sinn, er prestarnir komu með nýjungar eftir sínu eigin höfði, ljét hann skjótan dóm koma yfir þá. Það er í sögunni um Nadab og Abíhú, syni æðsta prestsins Arons, í 10. kap. í III. Mósebók. Þar lesum vjer, að þeir „báru fram fyrir Drottin óvígðan eld, sem hann eigi hafði boðið þeim.“ Það er ófrávíkjanleg regla í ritningunni, að dómur kemur undir eins yfir þá, sem í fyrsta sinn drýgja einhverja synd, til viðvörunar þeim, sem koma á eftir. Fyrsta sinn, er menn sögðu: „Ekki bannað, þá er það leyfilegt!“ kom dómur Drottins yfir þá. Vjer vitum því, hvernig hann lítur á þennan hugsunarhátt.

## VI. SIÐBÓTAMENN.

Stundum fullyrða rómversk-kaþólskir trúverjendur, að siðabót Lúters hafi verið nýjung, að kenningar mótmælenda hafi ekki þekst fyr en á dögum Lúters. En þetta er ekki rjett. Á öllum öldum, frá því að fráfallið gerði fyrst vart við sig, hafa einlægir menn hafið upp raddir sínar gegn því. Margir andmæltu afbökununum og heiðnu siðunum, sem smám saman smeygðu sjer inn í kristnina. En verjendur „kirkjunnar“ voru sífelt á verði og ofsóttu þá sem ekki höfðu rjetta trú, á þeirra mælikvarða. Þeir voru leiddir fyrir dómstóla þeirra og síðan bannfærðir. Með tímanum urðu dómarnir æ strangari, uns dauðadómur var oft kveðinn upp yfir þeim, sern ekki stóðu og sátu eins og kirkjuhöfðingjarnir vildu. Stundum var ekki haft fyrir því að halda dóm. Sagan getur um heil bæjarfjelög, jafnvel heil hjeruð, sem voru lögð í eyði af böðlum hinna kirkjulegu yfirvalda.

Guð einn veit, hve margar miljónir hafa orðið að láta lífið vegna fastheldni við þá trú, „sem heilögum hefir í eitt skipti fyrir öll verið í hendur seld“.

Dr. Mosheim segir í hinni frægu kirkjusögu sinni, að á 4. öld eftir Krist hafi sönn kristni beðið afskaplegt tjón vegna tveggja höfuðvillna, sem náðu tókum á kirkjunni alls staðar. Önnur var sú, að „það væri dygð, að svíkja og ljúga, ef menn með því móti efldu hagsmuni kirkjunnar“. Hin villan var sú, „að leyfilegt væri að refsa mönnum fyrir villutrú með líkamlegum pyntingum, ef þeir stóðu fastir í henni eftir hæfilega áminningu“.

Þessi mikli kirkjusöguhöfundur var ákveðinn lúterskur þjóðkirkjumaður, en hann segir: „Vjer verðum að játa það hreinskilnislega, að hinir leiðandi menn á þessari öld (4. öld), og hinir helgustu, hafi meira eða minna saurgast af þessum villum, eins og sjest á ritum þeirra og breytni. Fúslega mundum vjer vilja mega taka undan Ambróse, Hilary, Ágústínus, Gregór Nazianzen og Jeróme.“

En sannleikurinn, sem er virðingarverðari en þessir virðulegu kirkjuféður, neyðir oss til að telja þá meðseka.“

Hjá því varð ekki komist, að heiðvirðir kristnir menn hjer og þar andmæltu hinni vaxandi saurgun, sem þessar höfuðvillur leiddu af sjer.

Einn af hinum fyrstu, sem þorðu að standa á móti fráfallsstraumnum, hjet Æríus. (Þetta er ekki sami maður og Aríus, sem síðar verður getið.) Hann andmælti vaxandi einveldi og hroka biskupanna. Hann taldi þá ekki eiga meira vald en „umsjónarmenn“ eða „öldungar“, sem getið er um í nýja testamentinu. Hann andmælti og þeim síð, að biðja fyrir framliðnum, og hinum ýmsu hátíðum, sem kirkjan hafði tekið upp eftir heiðninni.

Þá kom Jóvinían frá Mílanó. Hann hlýddi hinum stranga aga munkalífsins út í æsar í mörg ár, uns Guð opnaði augu hans, og hann sá, að margt, sem hann hafði fylgt í blindni, væri ekki Guði þóknanlegt. Hann andmælti og villukenningunum um hjónaband, sem farnar voru að láta brydda á sjer.

Víða var því haldið fram, að einlífi væri miklu heilagra ástand en hjónaband, sem Guð þó stofnaði sjálfur í Edensgarði á undan syndafallinu, og sem Guðs orð segir, að skuli vera í heiðri haft.

Jóvinían kendi, að þeir, sem lifðu í einlífi, sjálfspyntingum og föstum, væru ekki þess vegna Guði þóknanlegri en aðrir, sem giftir voru og lifðu kristilegu lífi í hófsemd og helgun. Ambróse fyrirdæmði kenningar Jóviníans á kirkjufundinum í Mílanó árið 390. Þá var Jóvinían rekinn í útleð.

En hann varði kenningar sínar í bók. Jeróme, munkur í Betlehem, skrifaði þá aðra bók gegn honum og dró ekki af stóryrðunum. Jafnvel Ágústínus beitti öllum töfrum mælsku sinnar til að reyna að rjettlæta meinlætaliði.

Víða í Pyreneafjöllum voru enn þá frjalsir, óháðir söfnuðir, sem fóru í flestum atriðum eftir kenningum ritningarinnar og dæmi postulanna. Frá þeim kom fram Vigilantíus, andlegur eftirmaður Jóviníans. Hann hafði ferðast víða um; hafði sjeð með eigin augum svívirðingar hinna svonefndu „næturvaka“, þar sem svívirðilegasti saurlifnaður heiðingjanna var framinn undir kápu kristindómsins; hann hafði heimsótt klaustrin í Egiptalandi og Sírlandi, kynt sjer hræsni hinna „helgu“ munku; hann hafði horft á hjátrúarfullan manngrúann, sem safnaðist að legstöðum helgra manna og píslarvotta; hann hafði komist að svikunum og loddaraskapnum, sem klerkarnir frömdu til þess að sannfæra almúgann um gildi helgigripanna, sem þeir sýndu; hann hafði hlustað á helstu mælskumenn kirkjunnar leggja hart að guðlausum almenningi að sækja kirkjurnar til þess að afla sjer ódýrs hjálpræðis með því að taka yfirborðspátt í helgiathöfnum og „sakramentum“.

Þetta alt vakti gremju og vandlætingu hjá Vigilantíusi. Hann andmælti því öllu í nafni Drottins og taldi það heimskulegt, óguðlegt og viðurstygglegt.

En þá var eins og komið væri við kaun. Kirkjunnar menn risu upp til að verja sig og alt, sem þeim var kærast. Stóryrðamaðurinn í Betlehem, hinn „heilagi“ Jeróme, holti úr sjer óbótaskömmum yfir Vigilantíus og þá, sem honum fylgdu að máli. Ofsi hans var nær því ótrúlegur og virtist eiga að koma í stað röksemda.

Vigilantíus neyddist til að flýja til fjallalands Piedmont, í Norðvestur-Ítalíu. Hinar hreinu kenningar hans varðveittust lengi meðal dalbúanna þar.

Hjer og þar á afskektum stöðum, þar sem lítið bar á þeim, voru söfnuðir kristinna manna, sem leitust við að halda sjer við kenningar nýja testamentisins, þrátt fyrir fráfallið alt í kring. Þeir fundust ekki aðeins í Alpafjöllum og dölunum nálægt þeim, heldur og í Litlu-Asíu og Armeníu, í hjeradinu í kring um Ararat-fjallið, (þar sem örkin hans Nóa lenti forðum), og jafnvel hinu megin Evfratfljóts. Blessun Drottins hvíldi yfir

þeim, og oft fjellu vakningarskúrir yfir þá. Andstæðingar þeirra, kirkjuyfirvöldin, völdu þeim alls konar uppnefni, sem þeir tóku sjer auðvitað ekki sem heiti. Sumstaðar voru þeir nefndir „Pálítar“ (Paulicians), en ekki er gott að vita, af hverju þetta nafn er dregið, nema það skyldi vera vegna þess, að þessir menn vitnuðu oft til Páls postula heldur en kirkjuféðranna. Í Austur-Evrópu voru þeir víða kallaðir „Bogomili“, og þýðir það orð „Guðs vinir“.

Um miðja sjöundu öld var Armeníumaður einn í varðhaldi hjá Múhameðsmönnum. Þegar hann slapp úr höndum þeirra, beindi hann för sinni heim til Armeníu. Á leiðinni beiddist hann gistingar hjá manni, sem Konstantínus het. Þessi maður tók vel á móti honum og sýndi honum mikinn kærleika.

Þeir töluðu lengi saman, og er Armeníumaðurinn sá, að Konstantínus væri gáfaður maður og mjög vingjarnlegur, gaf hann honum að skilnaði dýrmæta gjöf. Hún var handrit, sem í voru guðspjöllin öll og brjef Páls postula. Þetta handrit hafði feiknamikil áhrif á líf og framtíð Konstantínusar. Hann las það með kostgæfni, og það leiddi hann til lifandi trúar á Krist.

Hann byrjaði að vitna um trú sína og reyndi að leiða aðra á sama sæluveg. Hann hætti að tilbiðja skurðgoð og helgra-manna myndir ríkiskirkjunnar og starfaði um þrjátíu ára skeið til að útbreiða fagnaðarboðskap Krists í Armeníu og Litlu-Asíu, og jafnvel allt að Evfratfljóti. Hann hafði tekið sjer viðurnefnið Silvanus, því að maður með þessu nafni var ferðafjelagi og starfsbróðir Páls postula.

Loksins þoldu yfirvöldin ekki lengur, að þessi maður andmælti hinum ríkisstudda átrúnaði, og herforingi að nafni Símeon var sendur til að taka Konstantínus Silvanus af lífi. Til þess að gera aftöku hans áhrifameiri ljet Símeon safna saman nokkrum persónulegum vinum Silvanusar og gaf þá skipun, að þeir skyldu kasta steinum á hinn elskaða vin og læriföður sinn. Steinarnir voru lagðir í hendur þeirra, og hermenn stóðu hjá þeim. En þeir neituðu allir að kasta steinum á hann og köstuðu þeim frá sjer. Viðstaddur var ungur maður að nafni Jústus, en hann hefði frekar átt að heita Júdas; hafði hann verið uppallinn sem fóstursonur Silvanusar, sem hafði sýnt honum sjerstakt ástriki. Hann var einn af þeim mönnum, sem heiðvirðar sálir eiga bággt með að skilja. Slíkir menn eru til, því miður, og bregður þeim fyrir einstöku sinnum í mannkynssögunni. Þessi Jústus tók upp stóran stein og varpaði á velgerðamann sinn, svo að hann beið bana af.

Yfirvöldin hrósuðu mjög afreki þessu og báru það saman við afrek Davíðs, er hann gekk út til móts við kappann Golíat og lagði hann að velli með því að slöngva steini í höfuð honum!! Þetta var nú hreinskilnin, sem einkendi andstæðinga sannrar kristni í þá daga!

En sagan er ekki á enda. Símeon herforingi gat aldrei gleymt því, sem hann hafði sjeð og heyrt þennan dag. Hann gaf sig á tal við hina trúuðu og sannfærðist um, að kenningar þeirra væru rjettar og í mestu samræmi við kenningar Krists.

Hann endurfæddist ekki þá þegar, en eftir þriggja ára sálarstríð sneri hann sjer til Krists. Hann varð að flýja til Armeníu, og þar gaf hann sig allan að starfi því, er Silvanus hafði orðið að hætta. Tók hann sjer viðurnefnið Títus.

Hinn illræmdi Jústus notaði sjer það, að hann þekti þetta fólk vel, og kom því til vegar, að Símeon og margir aðrir voru handsamaðir. Yfirvöldin ljetu brenna þá alla á báli.

En hugrekki þeirra, er þeir ljeto lífið fyrir Krist, hafði svo mikil áhrif á áhorfendurna, að margir sneru sjer til Drottins, ungir menn gáfu sig að starfi hans, og mikil trúarvakning kom í því landi. Margir nýir söfnuðir voru stofnaðir.

Þannig hjeldu þessar tvær gagn-ólíku stefnur áfram hlið við hlið gegn um aldirnar: ríkiskirkjan, sem uppfylti með mikilli nákvæmni spádóma Krists og postulanna um fráfallið, sem mundi koma; og hinir ofsóttu, fyrirlitnu lærisveinar Krists, sem elskuðu hann og varðveittu orð hans.

Eftir daga Vigilantíusar, er samþykkt var af kirkjuhöfðingjunum, að „leyfilegt væri að refsa mönnum fyrir villutrú með líkamlegum pyntingum“, gerðist hin svokallaða kristna kirkja handhægt verkfæri djöfulsins í tilraunum hans til að útrýma kristinni trú og siðgæði. Hver sá, sem dirfðist að andmæla siðleysi eða villukenningum kirkjunnar, mátti eiga það víst að verða grimmilega ofsóttur. Það var ekki haft fyrir því, að „heyra báðar hliðar“; kirkjuhöfðingjarnir höfðu fjarlægst svo ljúflyndi Meistarans og kærleikskenningar hans, að þeir þóttust vinna Guði þægt verk með því að lífláta lærisveina hans!

En þetta var einmitt það, sem frelsarinn sagði fyrir:

„Hver, sem líflætur yður, mun þykjast vinna Guði þægt verk; og þetta munu þeir gera, af því að þeir hafa hvorki þekt föðurinn nje mig.“ (Jóh. 16. 2.-3.)

Glöggur kirkjusöguhöfundur (Isaac Sharp) hefir ritað:

„Er vjer skygnumst gegn um myrkurhjúp miðalda, fáum vjer þar grilt í grimmlega eldstólpa, er stíga upp frá mörgum stöðum í Evrópu. Oss berast að eyrum ógreinileg hljóð, — kæfð mótmæli fórnarlambanna og gjallandi öskur ofsækjenda þeirra. Oss verður nokkurn veginn ljóst, hvað þar er að gerast, en Guð einn veit, hvort það eru af fimm bræðrum vorum, eða fimtíu, eða mörg hundruð saman, sem á þessum stað eða hinum reynast „trúir alt til dauðans“. Hitt vitum vjer, því að andi spádómsgáfunnar hefir birt oss það, að „konan“, sem sjer til velþóknunar ljét fórnarlömb þessi farast, öld eftir öld, svalg nægilegt blóð til að vera ávalt „drukkinn af blóði hinna heilögu.“ (Opinb. 17. 6.) Ef vjer drögum dæmi af reynslunni, sjáum vjer, að sídrukkinn maður þarf stærri og stærri skamta, dag frá degi, til að öðlast þá andstyggilegu vellíðan, sem hann leitar.

Eftir þessu er oss óhætt að álykta, að hinni drykkfeldu stofnun, sem í fyrstu svalaði þorsta sínum með lífláti fárra, getur ekki hafa nægt minna en líflát þúsunda, þegar hún hafði iðkað þessa ofdrykkju öldum saman.

Fyrirheit Drottins, gefið þjónum hans og lýð, var ekki víðtækara en þetta, að vitnisburður um hann skyldi haldast við, öld eftir öld, þangað til hann kæmi aftur. Þetta starf, að vitna um hann í vondum heimi, skyldi falið ósýnilegum söfnuði, sem aldrei skyldi nokkurt augnablik verða afmáður, þótt hann yrði rekinn út í eyðimörk og sífelt ógnað með tortíming. Hlið Heljar skyldu ekki verða honum yfirsterkari. Hinn sanni söfnuður skyldi aldrei verða upp svelgdur nje hætta að vera til á landi lifenda.“

Undan ofsóknunum í Suður-Frakklandi höfðu margir flúið til Bosníu, (sem nú er hluti af Júgó-Slavíu). Áratugum saman leitaðist páfavaldið við að útrýma „villutrúarmönnum“ þar. Einn embættismaður „Rannsóknarrjettarins“ alræmda gaf þessum „villutrúarmönnum“ í Bosníu heitið: „hinir skírlífu“ og sagði, að þeir myndust alls staðar á svæðinu milli Svartahafs og Atlantshafs. Árið 1180 ávarpar páfi Kulin ríkisstjóra sem trúfast barn rómv.-kaþólskrar kirkju, en tuttugu árum seinna er Kulin viðurkendur, ásamt fjölskyldu sinni, sem meðlimur frjáls safnaðar þar. Um sama leyti snerist Minoslav

ríkisstjóri í Herzegovínu til Krists og rómv.-kaþólski biskupinn yfir Bosníu líka, og gengu þeir báðir í frjálsa söfnuði. Landið hætti með öllu að lúta páfavaldinu og hófst þá tímabil í sögu landsins, sem enn er minnst sem tíma velmegunar á öllum sviðum. Engir atvinnuprestar fundust þar, — allir trúaðir voru viðurkendir sem „prestar Guðs“, samkvæmt kenningum nýja testamentisins. Öldungar stjórnðu söfnuðunum, sem komu saman í óskreyttum samkomusölum, þar sem hvergi var neitt „altari“ gamla sáttmálans. Safnaðarmeðlimirnir gáfu af frjálsum vilja af eignum sínum til að styrkja sjúka og fátæka, og til að hjálpa þeim, sem ferðuðust um í þjónustu fagnaðarerindisins.

En þetta mislíkaði páfatrúarmönnum. Innocent páfi III. kom því til leiðar, að stjórnmalaleiðtogar Bosníu neyddust til að lofa, að „altari“ og kross yrði sett í hvert samkomuhús, að rómv.-kaþ.-prestar skyldu lesa „hámessu“, að menn kæmu til þeirra til að „skrifa“, að allir helgidagar „kirkjunnar“ yrðu haldnir, og að enginn skyldi þrjedika nema hempuklæddir klerkar.

Fólkið vildi ekkert þiggja af öllu þessu góðgæti.

Þá skipaði páfinn konunginum í Ungverjalandi að heyja stríð gegn Bosníu, og hann safnaði her og gerði innrás í landið, sem hlýðið barn síns andlega föður! Landið var lagt í rústir og þúsundir myrtar af böðlum „kirkjunnar“. Páfinn gaf Ungverjum landið fyrir fult og alt. Þrátt fyrir alt þetta vildi fólkið ekki sleppa sinni biblíulegu trú. Þá kallaði páfinn á „allan hinn kristna heim“ til að styðja herferð hans gegn þeim. Rannsóknar-rjetturinn, undir stjórn Dominika og Fransiskusar-klerka, hóf þá sitt blóðuga verk í algleymingi.

En jafnvel þetta dugði ekki til að kæfa trúarneistann í hjörtum þessara píslarvotta. Þrjátíu og fimm árum seinna skipaði páfinn ríkisstjóra Bosníu að styðja Fabían, erkiböðul sinn, til að útrýma þessum „villutrúarmönnum“ úr Bosníu. Þá var það, að Bosníumenn, svo að hundruðum skipti, flýðu á náðir Tyrkja. Árið 1415 unnu Tyrkir og Bosníumenn í sameiningu mikinn sigur yfir Ungverjum skamt frá Dobo. Seinna fóru Tyrkir halloka fyrir páfaherum um tíma, og þá hófust ofsóknirnar aftur um leið. Loksins, árið 1463, hófu Tyrkir nýja sókn og lögðu landið algerlega undir sig.

Svipaða sögu má segja um önnur lönd, en það tjóar ekki að endurtaka hana. Alls staðar reyndist hin rómv.-kaþ. stofnun einkunnarorðum sínum trú:

„Semper eadem“ („Altaf eins“). Hvar sem hún fjekk vald til þess, ofsótti hún til dauða alla þá, sem ekki lutu valdi hennar, og stefna hennar er óbreytt enn, aðeins vantar hana valdið til að fylgja henni fram í mörgum löndum í dag.

Einn af þeim, sem reyndu að leiða menn aftur til kenninga Krists og postula hans, hjet Pierre de Brueys. Í tuttugu ár ferðaðist þessi maður um Frakkland og þrjedikaði Krist, uns klerkarnir handtóku hann og brendu hann á báli (árið 1126). Hann kendi, að enginn átti að taka skírn fyr en hann hefir tekið trú, samkvæmt ritningunni; hann kendi og að menn hefðu leyfi til að ákalla Guð og hlusta á orð hans alls staðar, ekki aðeins í skrautlegum, vígðum musturum; hann kendi, að menn ættu ekki að heiðra krossinn, eða krossmarkið, því að krossinn var hræðilegt kvalatæki, sem þjáði hinn heilaga líkama Krists; hann kendi, að brauðið og vínið í kvöldmáltíðinni væru aðeins líkingar til að minna oss á líkama og blóð Krists; og hann hjelt því fram, að bænir og góðverk lifandi manna gætu ekki breytt ástandi hinna framliðnu.

Munkur í Klúny, að nafni Henri, sneri sjer til Krists og kenninga hans, og stóð við hlið Pierres.

Hann var kröftugur ræðuskörungur og hræddist engan. Fyrir orð hans gerðu margir iðrun og tóku að fylgja Kristi. Klerkarnir urðu ráðalausir. Þeir handtóku Pierre og brendu hann

á báli í St. Gilles (1126). En Henri hjelt áfram óhræddur. Hinn frægi ábóti Bernard í Clairvaux var fenginn til að kveða hann niður. En mælska þessa volduga manns gat aðeins lítillega stöðvað blessunarstraumana, sem fylgdu þrjedikun Henris. Í mörg ár tókst honum að komast undan böðlunum og hjelt áfram starfi sínu ötullega, uns hann var loksins handtekinn og honum varpað í fangelsi (1147). Ekki fara neinar sögur um það, með hverjum hætti hann ljet lífið þar.

Bernardi í Clairvaux var mjög illa við það, að þetta fólk tæki sjer ekkert sjernafn og stofnaði engan sjertrúarflokk. Þeir vildu sem sje ekki kannast við annað nafn en Krists og vildu ómögulega stofna sjerflokk. Bernard skrifaði: „Með hvaða nafni eða með hvaða titli á maður að skrasetja þessa villutrúarmenn? Ekki með neinu heiti. Því að villutrú þeirra stafar ekki frá mönnum, heldur ekki hafa þeir fengið hann fyrir milligöngu manns.“ Hjer hefir ábótinn sennilega ekki athugað, að með þessu kannaðist hann við, að andstæðingar hans væru á sama grundvelli og Páll postuli, því að postulinn skrifaði í Galat. 1. 11.: „Jeg læt yður vita, bræður, að það fagnaðerindi, sem boðað var af mjer, er ekki mannaverk. Ekki hefi jeg heldur tekið við því af manni nje látið kenna mjer það, heldur fengið það fyrir opinberun Jesú Krists.“

Margir klerkar og prelátar nú á dögum sverja sig í ætt við þennan mann, því að þeir kunna heldur ekki við, að lærisveinar Krists taki sjer ekki neitt nafn. Þeir hafa oft farið svo langt, að búa þeim til flokksheiti, gripið úr lausu lofti, og finnast dæmi þess hjer á þessu landi.

Einn hinna fyrstu, sem andmæltu hraðvaxandi ráðríki biskupanna í Róm, var Kýprían (Cyprianus), sem fæddist um 200 e. Kr. og lifði um 58 ár. Hann var af heiðnu bergi brotinn, og sneri sjer ekki til kristinnar trúar fyr en hann var 45 ára. En hann tók svo miklum framförum og lifði svo í anda Krists, að söfnuðurinn í Kartagó í Norður-Afríku vildi ekki heyra annað en að hann yrði biskup þeirra, árið 248. Tveim árum seinna varð hann að flýja vegna ofsókna gegn kristnum mönnum, en kom aftur ári síðar.

Það kemur skýrt í ljós, að biskupinn í Róm hafi ekki verið á þeim tímum viðurkendur sem yfirbiskup kristinna safnaða, því að Kýprían rökræðir við „bróður sinn Stefanus“, sem þá var biskup í Róm, sem jafningja; og á kirkjuþingi, sem haldið var í Kartagó árið 256, lýsti hann yfir skýrum orðum, að hann viðurkendi ekki, að Rómarbiskupar hefðu neitt dómsvald yfir öðrum kristnum biskupum, sem væru jafningjar þeirra. Í riti hans: „Eining hins allsherjar safnaðar“ hjelt hann því fram, að eining kristindómsins hvíldi á grundvelli allra safnaðanna, en ekki á söfnuðinum í Róm.

Góðilmur Krists stafaði af lífi þessa ágæta manns, og þó hann lifði aðeins 13 ár sem lærisveinn Krists, hafði líf hans víðtæk og helgandi áhrif. Þegar Valerían tók við keisaratigninni, árið 258, hófust ofsóknirnar að nýju. Kýprían var handsamaður og honum skipað, að afneita Kristi með því að færa heiðnum guðum fórn. Hann neitaði því eindregið og var líflátinn.

Nú er nauðsynlegt að íhuga hin miklu áhrif, sem líf og starf hins mikla „kirkjuföður“ Ágústínusar höfðu á sögu kristninnar. Hann fæddist árið 354 í Númeríu í Norður-Afríku af fátækum foreldrum. Faðir hans var lauslatur heiðingi, en móðir hans, Monika, var kristin. Hún kendi syni sínum helstu atriði kristindómsins.

Það kom brátt í ljós, að unglíngurinn var framúrskarandi gáfaður. Gerðu foreldrar hans því alt, sem í þeirra valdi stóð, til þess að hann gæti fengið að mentast. Hann var sendur, 17 ára gamall, til Kartagó til að læra. Þar lenti hann í alls konar slarki og óhófi. Hann fjekk sjer frillu og gat son, sem hann ljet heita Adeodatus. Þar kyntist hann átrúnaði

Manís og gerðist „Maníkisti“. Maní þóttist vera „hjálpurinn“ (paraklitos), sem Kristur hafði lofað að senda eftir burtför sína. Í þessari villutrú og óreglu lifði Ágústínus í fjórtán ár. Um stuttan tíma var hann í Róm, en gerðist síðan kennari í mælskulist í borginni Mílanó á Norður-Ítalíu. Heimspekin, sem hann hafði numið, gerði hann óánægðan með Manístrúna. Um tíma var hann sama sem trúlaus maður. Þá komst hann undir áhrif Ambrósar biskups í Mílanó. Hann heillaðist fyrst af mælsku hans, en síðar náði boðskapur biskupsins til hjarta hans.

Hann fór að leita Guðs af hjarta, en baráttan var hörð. Móðir hans og aðrir hvöttu hann til að giftast, en í staðinn fyrir að ganga í hjónaband við konuna, sem hafði reynst honum trú í fjórtán ár og borið honum son, ljet hann hana hverfa heim til Afríku, og hann leitaði kvonfangs annars staðar. Stúlkan, sem varð fyrir valinu, var of ung til að giftast, svo þau áttu að bíða í tvö ár. En á meðan tekur hann að sjer aðra konu. Öllu þessu lýsir hann ítarlega í „Játningum“ sínum. Hefði hann ekki gert það sjálfur, hefðum vjer ekki viljað vika að þessum leiðinlegu einkamálum hans; en vjer sjáum á öllu þessu, hversu óstöðuglyndur hann hefir verið að eðlisfari, og illfær um að flytja heilbrigðar kenningar um gildi hjónabandsins.

Hin andlega barátta Ágústínusar endaði einn dag, er hann lá í djúpum þönkum undir fíkjutrije í garði einum og heyrði barn í næsta húsi kalla upp:

„Taktu og lestu!“ Hann stóð upp, gekk þangað sem hann hafði skilið eftir bók sína, opnaði hana og las orðin: „Ekki í ólífnaði nje saurlífi, heldur iklæðist Drotni Jesú Kristi, og alið ekki önn fyrir holdinu, svo að það verði til að æsa girndir.“ (Róm. 13. 13.-14.) Guð ljet þessi orð sökkva ofan í sál hins leitandi manns. Efinn hvarf. Friður hjelt innreið sína. Hann varð nýr maður í Kristi.

Um páskaleytið árið 387 tók Ágústínus skír, ásamt syni sínum Adeodatusi, og nokkru seinna hvarf hann aftur til heimalands síns. Um þetta leyti andaðist hin ágæta móðir hans, Moníka. Hún lifði það, að sjá bænheyrslu frá Drotni, með því að hinn villuráfandi sonur hennar snerist til Krists. Hún hafði líka getað leitt manninn sinn á rjetta leið, og dó hún því sæl og þakklát.

Ágústínus talar í „Játningum“ sínum með rjettu um þessa fyrirmyndarkonu; en hann gefur enga skýringu á því, hvernig góðar mæður geta verið til og uppalið börn sín fyrir Drottin, ef góðar og trúræknar konur ættu að ganga í klaustur og taka engan þátt í skyldum hins daglega heimilislífs sem eiginkonur og mæður!

Öfgakenda hugarfarið, sem einkendi Ágústínus áður en hann snerist, gerði og vart við sig jafnvel í hinu nýja lífi. Nú gat hann ekki hugsað um hjónaband. Hann heillaðist af kenningum munkanna og einlífismannanna, sem litu niður á fjölskyldulífið og settu konur á óæðri bekk, eins og þær væru verkfæri Satans til að leiða menn til syndar!

Þessi ramskakka og óbíbílulega hugmynd hefir gert kristninni óútreiknanlegan skaða á öllum öldum, og er ekki hægt að segja annað en það, að Ágústínus hafi með kenningum sínum gefið þessari reginvillu byr undir báða vængi. Þar er gengið fram hjá þeirri sannreynd, að Guð stofnaði hjónabandið og barngetnað áður en syndin kom í heiminn, (sjá I. Mós. 1. 27.-28); og að Guð, sem alt þekkir, hefir sagt: „Eigi er það gott, að maðurinn sje einsamall; jeg vil gera honum meðhjálp við hans hæfi.“ (I. Mós. 2. 18.) Eins og áður er vikið að, reyndi Ágústínus að rjettlæta meinlætalið, er Jóvinían hóf mótmæli sín gegn því. Hann studdi líka hina óbíbílulegu kenningu, að menn ættu að biðja fyrir framliðnum.

Af þessari villu er sprottin hin hneykslanlega kenning rómv. kaþólskra um aflátsbrjef,

sem Marteinn Lúter mótmælti svo kröftuglega. Ágústínus flytur þá ósk í „Játningum“ sínum, (9. bók, 13. kap.), að lesendur biðji fyrir sálum látinna foreldra hans. Hann er aðalheimildarmaður fyrir því, að enginn geti orðið hólpinn nema fyrir milligöngu kirkjunnar og sakramentanna, sem „prestar“ hennar tóku sjer einkarjett á að veita. Hann kendi og, að þeir, sem vegna kærleikans rötuðu rjettu leiðina, (það er: inn fyrir kirkjuvjeböndin) væru að vísu betri menn en hinir, sem þvingaðir væru með pyntingum frá hálfu kirkjunnar; en hinir síðarnefndu væru í meiri hluta, og því væri sjálfsagt fyrir kirkjuna að knýja þá með valdi til að hlýðnast henni!!

Þannig gerðu kenningar Ágústínusar að verki, að blóði miljöna manna var úthelt á hinum verstu fráfallstímum kirkjunnar, því að um það, sem „hinn heilagi Ágústínus“ samþykkti, þótti ekki taka að deila.

Þó ritaði Ágústínus sumt, sem hefir orðið mönnum til blessunar. Wickliffe og Marteinn Lúter lásu skrif hans um Rómverjabrjefið, til dæmis, sjer til gagns og leiðbeiningar. Sumir sagnfræðingar telja, að Ágústínus hafi haft góðan skilning á deilumálunum, en hann hafi vantað kjark til að standa á móti þeirri óvild, sem hefði vissulega beðið hans, ef hann hefði þorað að leiðrjetta hneykslin. Má vera, að þetta sje rjett athugað, en um það er ómögulegt fyrir menn að dæma nú. „Af ávöxtum þeirra skuluð þjer þekkja þá“ sagði Kristur, og sem sagt eru ávextir af starfi þessa mikla manns mjög misjafnir.

Waldó, Wickliffe, Húss, Jeróme frá Prag og Marteinn Lúter voru allir kjarkmenn miklir og þorðu að bjóða hneykslunarmönnunum byrginn, eins og Jóvinían og Vigilantíus gerðu á undan þeim.

Það er nauðsynlegt að minnast stuttlega á þessa menn, áður en vjer ljúkum þessum kapitula um siðbótamenn.

Pjetur Waldó var ríkur kaupskýslumaður í borginni Lyons í Frakklandi. Í veislu, sem hann hjelt, varð einn af gestunum bráðkvaddur. Varð það til þess, að Waldó fór að hugleiða sálarástand sitt alvarlega, — hvort hann væri sjálfur reiðubúinn að mæta Guði sínum. Hann gat náð í nokkrar bækur ritningarinnar, og hann fjekk menn til að þýða nýja testamentið á málið, sem talað var þar í landi, svo að aðrir gætu notið þess. Þetta var árið 1160.

Hann óx í trú og þekkingu á Drotni og ákvað að gefa sig eingöngu að útbreiðslu náðarboðskaparins, því að þörfin var mjög aðkallandi. Hann seldi eigur sínar, gaf fátækum og tók upp krossinn til að fylgja Kristi (1173). Aðrir trúaðir menn slógust í för með honum, og voru þeir alment nefndir: „Fátæku mennirnir frá Lyons“.

Þeir ætluðu ekki að móðga kirkjuyfirvöldin og sóttu um viðurkenningu kirkjuráðs árið 1179. En viðleitni þeirra var hafnað með fyrirlitningu. Seinna voru þeir reknir burt frá Lyons (1184) og bannfærðir af kirkjunni. Margir þeirra urðu píslarvottar Krists. Tæpum þremur áratugum seinna varð annar maður fyrir sams konar reynslu og Pjetur Waldó.

Það var ungur maður í borginni Assísi í Ítalíu, um 25 ára gamall, að nafni Frans. Sagan þekkir hann undir nafninu: Frans frá Assísi. Hann hafði verið gálaus heimismaður og lifði einungis til að skemta sjer í lauslæti og öðrum syndum. Öfgar hans leiddu til þess, að hann misti heilsuna um hríð. Meðan hann lá veikur, breytti hann alveg um lífsstefnu, og seinna ákvað hann að losna við allar eignir sínar og þjóna Drotni í fátækt.

Kirkjusöguhöfundurinn Mosheim segir um Frans: „Vafalaust var hann guðhræddur maður og vildi vel, en hann var framúrskarandi þekkingarsnaður, og vitsmunir hans munu sjáanlega hafa veiklast mikið vegna sjúkleika hans.“ (I. bindi, 324. bls.)



Samt mun Frans hafa verið mjög aðlaðandi og hógvær maður. Hann safnaði mörgum lærisveinum til sín, sem vildu lifa einfaldara og hreinna lífi en víða gerðist í klaustum munkanna.

Frans leitaði á fund páfa árið 1210 ásamt nokkrum fjelögum sínum og bað hógværlega um leyfi til að þrjedika. Hálfregur veitti páfi þeim leyfið.

Meðan Frans lifði og hafði umsjón með reglunni, var í höfuðatriðum farið eftir hugsjónum hans, en eftir lát hans, aðeins 44 ára gamals, fór reglan að spillast eins og allar hinar.

Einn höfundur ber saman Frans frá Assísi og Pjetur Waldó frá Lyons. Hann segir: „Báðir þjónuðu þeir Drotni með hinum mesta áhuga. Báðir höfðu þeir blessunarrík áhrif á fjölda marga aðra með kenningu sinni og breytni. En annar öðlaðist hylli páfavaldsins, meðan hinum var hafnað.“

Fylgjendur Frans lentu í rómv.kapólska kerfinu og urðu til þess að binda menn enn fastar í hlekki þess; en Waldó og menn hans leiddu hug fjölda manna til heilagrar ritningar og kendu þeim að drekka þar sjálfum af lindum hjálpræðisins.“

Á þessu sjest, að jafnvel góðir menn og áhugasamir hafa ekki borið góðan og varanlegan ávöxt söfnuði Guðs til uppbyggingar, nema þeir hlýddu hinu skýra boði Guðs um að segja skilið við fráfallið, sem þeir sáu í kring um sig. „Farið burt frá þeim og skiljið yður frá þeim, segir Drottinn“, er eins skýrt boð Guðs eins og „þú skalt ekki drýgja hór“ eða „þú skalt ekki mann vega“, og verk þeirra, sem óhlýðnuðust þessu boði, en sátu kyrrir í fráfallskirkjunni, hafa orðið til óblessunar á endanum, þrátt fyrir góðan vilja þeirra sjálfra í upphafi.

Ágústínus og þeir, sem fylgdu stefnu hans, ljetu sjer ekki koma til hugar að segja skilið við fráfallið. Þeir reyndu heldur að rjettlæta það, eins og vjer höfum sjeð. Jafnvel Marteini Lúter kom ekki til hugar að segja skilið við rómv.kapólsku kirkjuna, fyr en kirkjan sjálf bannfærði hann. Seinna meir var hann hissa á sjálfum sjer, hversu hann hafði legið flatur fyrir páfanum og mönnum hans. Hann ritaði: „Nú, kristni lesari minn, skalt þú læra af falli mínu, hvað það er framúrskarandi erfitt að losna við villur, sem allur heimurinn styður með eftirdæmi sínu, og sem vaninn hefir gert að hluta af eðli voru. Í sjö ár hafði jeg rannsakað ritningarnar með kostgæfni og kent úr þeim opinberlega, svo að jeg þekti þær nær því utan að, og jeg hafði reynt af þekkingu og trú á Drottin Jesúm Krist, að við öðlumst ekki hjálpræðið fvrrir eigin verk okkar, heldur fyrir trú á hann: nei, jeg hafði jafnvel haldið því fram opinberlega, að páfínn væri ekki höfuð hinnar kristnu kirkju. Þó var mjer ómögulegt að sjá það, sem af þessum forsendum leiddi, að án nokkurs minsta vafa væri páfínn kominn frá Satan. Því að það, sem kemur ekki frá Guði, hlýtur að vera komið frá Satan.“ (Æfisaga Lúters, eftir Pfizer, bls. 29.)

Nokkru eftir dauða Frans frá Assísi skálduðu menn í Fransmunkareglunni alls konar kynjasögur um heilagleika hans og um kraftaverkin, sem hann gerði. Meðal annars gerðu þeir sjer mikinn mat úr því, að þeir fundu á líki hans sár, á höndum, fótum og í síðu hans, í líkingu við sárin, sem voru á líkama frelsarans eftir krossfestingu hans. Mikið hefir verið deilt um þessi „stigmata“, sem þau voru kölluð.

Fransistar halda því fram, að Drottinn hafi birzt Fransi einu sinni, er hann var á bæn á fjalli einu, og veitt honum þann heiður að bera sárin, sem hann sjálfur bar. Komu þá fram á höndum Franss, fótum og síðu, sár, sem líktust krossfestingarsárunum. Vjer skulum heyra hvað dr. Mosheim, kirkjusöguhöfundurinn mikli, segir um þetta mál:

„Það er ekki hægt að efast um það, að hinn heilagi Frans hafi borið á líkama sínum sárin

fimm, sem líkami Krists bar, þar sem það er sannað af mjög mörgum sjónarvottum, sem ekki er gerlegt að rengja. En þar sem hann var í hæsta lagi hjátrúarfullur og ofstækisfullur maður, er ekki nokkur vafi; í því, að hann gerði sjálfur þessi sár, til þess að líkjast Kristi sem mest og bera á eigin persónu æfilanga minningu um þjáningar lausnarans. Það kom oft fyrir í þá daga að menn, sem vildu láta aðra skoða sig sem guðrækna, öðrum fremur, gerðu sams konar sár á líkama sinn til þess að hafa hugfastan dauða Krists. Á þeim tíma, er menn hvorki rannsökuðu ritningarnar nje skildu þær, þóttust þeir finna í orðum Páls postula í Galat. 6. 17. heimild fyrir þessum öfgum.“

Um Wickliffe er það að segja, að hann var uppi á Englandi á 14. öld. Er hann talinn fyrirrennari Marteins Lúters sem siðbótamaður. Rit og störf Wickliffes höfðu mikil áhrif á Jóhann Húss, og rit og störf Jóhanns Húss höfðu mikil áhrif á Martein Lúter. Wickliffe var mjög lærður prófessor við Oxfordháskóla og doktor í guðfræði. Hann andmælti stöðugt hneykslunum þeim, sem prestar þjóðkirkjunnar gerðu sig seka um, bæði í líferni sínu og kenningum. Þrátt fyrir öll störf sín gaf hann sjer tíma til að þýða alla biblíuna á enska tungu, og bjó útbreiðsla hennar mjög vel undir komandi vakningu og siðbót. Meðal annars andmælti hann villukenningu rómv. kaþólskra presta, að brauðið og vínið í „sakramentinu“ breyttust bókstaflega í hold og blóð Krists. Orð Krists í Jóhannesar guðspjalli, 6. kap., 61.—63. versí, sýna oss, að vjer megu ekki taka orð hans um þetta mál bókstaflega, því að, ef líkami Krists stígur upp til himins, geta menn ekki neytt hans á bókstaflegan hátt, — „holdið gagnar ekkert; orðin, sem jeg hefi talað við yður, eru andi og eru líf.“

Þjónar páfans á Englandi gátu ómögulega þolað kenningar Wickliffes og gerðu alt, sem þeir gátu, til að fá hann dæmdan fyrir villutrú. Hann hjelt því fram, að hjálpræðið væri Guðs gjöf til þeirra, sem trúa, og ekki fengið fyrir verk okkar mannanna; að hvorki páfi nje prestur gat verið milligöngumaður milli Guðs og manna, aðeins sá, sem Guð sendi til þess, sonur hans Jesús Kristus. Hann andmælti verkum og sællífi munkanna, — Dominíkana, Franz munka, Ágústínmunka og Karmelíta, sem óðu alls staðar um í þúsundatali til að betla. Margir þeirra voru hraustir menn, sem ekki þurftu að lifa á betli. Hann hjelt því stöðugt fram, að ritningin ein ætti að skera úr því, hvort kenningar væru rjettar eða rangar, ekki páfadómurinn eða veraldlegir dómstólar.

Eins og Martein Lúter var sendur til Rómar síðar meir í einhverjum erindagerðum til páfans og sá með eigin augum spillinguna, sem ríkti þar, — í aðalbækistöð páfavaldsins, — eins var Wickliffe kosinn í einhverja nefnd, sem send var til Gregórs páfa XI, sem þá var í útlegð í Avignon í Frakklandi.

Nefndin, sem Wickliffe var með, átti að kæra ýms hneyksli, sem framin voru í Englandi í þágu páfans.

Heimsókn þessi hafði sams konar áhrif á Wickliffe og heimsókn Marteins Lúters til Rómar hafði á hann nokkrum áratugum seinna. Hann sá þá margt, sem hann áður vildi ekki trúa, að væri til í hirð hins „heilaga“ páfa, og kom heim ákveðnari en fyr, að leiða ljós Guðs orðs yfir hræsni prelátanna og frelsa menn úr hinum andlega þrældómi, sem henni fylgdi.

„Prestarnir“ urðu æfir og komu því til leiðar, að Wickliffe var kallaður fyrir rjett biskupsins í London í Sankti Páls dómkirkju þar í borg. Tveir af hinum öflugustu lávörðum Englands tóku málstað Wickliffes og stóðu við hlið hans. Annar þeirra bað menn koma með stól handa Wickliffe að sitja á, en biskupinn hrópaði hinn reidasti:

„Hann fær ekki að setjast! Glæpamenn eru látnir standa fyrir dómurum sínum.“ Þannig var Wickliffe dæmdur sem glæpamaður áður en hann var yfirheyrður.

Wickliffe þagði, en þá talaði hinn lávarðurinn og sagði, að það þyrfti að lækka hrokann í þessum biskup og líka í öllum prelátum Englands. Við það komst alt í uppnám, og samkoman leystist upp í glundroða. Þý biskupsins vildu ráðast á Wickliffe, en með hjálp vina sinna komst hann undan.

Hann hjelt áfram sem áður að boða fagnaðarerindið. Í annað sinn var hann kallaður til að mæta fulltrúum páfans, í þetta sinn í Lambeth í Suður-London.

Nú voru engir lávarðar til að styðja hann, en hann setti traust sitt á hinn lifanda Guð. Almúgafólkið var hrætt um hann; það sagði, að hann væri „genginn í ljónagryfjuna“. Mikill mannfjöldi braust inn í dómsalinn, og dómaramirnir urðu hræddir um sig. En varla var rjetturinn settur, er sendimaður kom frá móður konungsins, — Önnu drotningu frá Bæheimi, ekkju „Svarta prinsins“, eins og hann var alment kallaður, — og flutti boð um, að þeim væri bannað að fella dóm yfir Wickliffe. Biskuparnir höfðu talað digurbarklega um, að þeir vildu gera skyldu sína þrátt fyrir allar hótanir, þó að það kostaði þá lífið. En nú fjell þeim allur ketill í eld, og þeir þorðu ekki að dómfella Wickliffe. Hann fjekk að fara til heimilis síns og halda áfram starfi sínu, að útbreiða náðarboðskap Krists. Hann sendi út um alt landið unga, áhugasama menn, sem höfðu snúið sjer til Krists, til að flytja Guðs orð og veg hjálpræðisins í Jesú Kristi. Enginn kann að meta það gagn, sem þessi starfsemi gerði, eða þau áhrif, sem hún hafði á framtíð Englands.

Wickliffe dó í friði árið 1384, sextíu ára gamall.

Kaþólsku prestunum gramdist það mjög, að þeim hafði ekki tekist að ná í Wickliffe og brenna hann á báli. En þrjátíu og einu ári eftir dauða hans gátu þeir komið því til leiðar, að bein hans voru grafinn upp og brennd. Þannig leituðust þeir við, að svala hatri sínu!

Eftir dauða Önnu drotningar (árið 1394), sem haldið hafði hlífiskildi yfir Wickliffe, hvarf fylgdarlið hennar heim til Bæheims og hafði með sjer bækur Wickliffes. Nú voru þær lesnar með athygli í Prag-háskóla. Einn hinn fremsti lærdómsmaður þar hjet Jóhann Húss (f. 1369). Þessi maður hafði rannsakað ritninguna, og tók hann fagnandi á móti sannleikanum, sem falinn var í ritum Wickliffes.

Hann boðaði Krist, sem hinn eina milligöngumann milli Guðs og manna og kenndi, að menn ættu að fara eftir ritningunni frekar en eftir kreddum og mannaþingum hinnar spilltu rómva.-kaþólsku kirkju. Bráðum fjekk hann skipun um að koma til Rómar, en hann skeytti henni ekki.

Um þetta leyti var mikið kirkjuþing haldið í Konstanz, þýskri borg við Konstanzvatn, sem liggur milli Þýskalands og Sviss. Aðaltilgangur þingsins var að leysa úr vandræðunum, sem af því leiddi, að uppi voru þrjár páfar. Hver þeirra þóttist vera hinn eini, rjetti staðgengill Krists, og þeir bannfærðu hver annan eftir hjartans lyst. Húss var beðinn að sækja þetta þing, og honum var fengið griðabrjef, sem tók skýrt fram, að hann mætti fara þangað öruggur og heim aftur, án þess að honum yrði gert mein.

En þegar þangað var komið, heimtuðu kirkjulegu yfirvöldin, að hann afturkallaði afdráttarlaust allar kenningar sínar, sem eigi voru í samræmi við kreddur kirkjunnar. Auðvitað vildi Húss ekki gera þetta, og var honum þá, þrátt fyrir griðabrjefið, kastað í dýflissu. Til þess að reyna að rjettlæta þessi svik, gáfu yfirvöldin út lög um, að eigi þyrfti að halda loforð, sem gefið væri „villutrúarmanni“!

Kröftug mótmæli gegn þessum aðgerðum komu frá Bæheimi. Sigismundur keisari reiddist mjög í fyrstu, því að hann hafði gefið út griðabréfið, sem átti að tryggja Húss örugga ferð til Konstanz og heim aftur. En prestarnir hjeldu því fram, að lögin væru ekki ætluð til þess að hlífa „villutrúarmönnum“, og hjetu honum, að hann skyldi ekki vera látinn sæta ábyrgð fyrir Guði. Leyfði hann þeim þá að fara með Húss eins og þeir vildu.

Sagnfræðingar segja, að Sigismundur hafi uppskorið það, sem hann sáði, því að margir og miklir erfiðleikar dundu yfir hann og ríki hans eftir þetta.

Aðeins einn af páfunum þremur, sem keptu um páfavaldið, sótti kirkjubing þetta. Þingið stakk upp á því, að allir þrír segðu af sjer og ný páfakosning fari fram. Sá, sem viðstaddur var, gekk fúslega inn á þetta, og sagðist vilja alt gera fyrir frið kirkjunnar.

En hann sveikst um að gera þetta og reyndi að komast burt úr borginni. Hermenn keisarans eltu hann og náðu honum í Sviss. Tóku þeir af honum páfa-innsiglið og önnur embættistákn, og var honum varpað í sömu dýflissu og Húss. Eftir nær fjögur ár var honum slept og hann gerður að kardinála.

Prestarnir þóttust geta hrætt Húss til að afturkalla kenningar sínar og notuðu öll hugsanleg brögð til þess að yfirbuga hann. En hann heimtaði löglega, opinbera rannsókn. Vinir hans komu því til leiðar, að hann var látinn mæta fyrir rjetti og svara ákærendum sínum, hinn 5. júní 1415.

Þegar hann hafði lýst yfir því, að hann ætlaði að verja kenningar sínar með því að skýrskota til heilagrar ritningar, heyrðist ekkert meira fyrir hrópum og köllum andstæðinga hans. Svo mikinn hávaða gerðu þeir, að ómögulegt var að halda rjettinum áfram. Eftir tvo daga var fundur enn haldinn. Húss var mjög veikur af meðferðinni í dýflissunni, en hann ljét ekki yfirbuga sig. Hann sagði með stillingu og festu: „Jeg vil ekki afturkalla kenningar mínar, nema þjer getið sannað, að þær sjeu ekki í samræmi við Guðs heilaga orð.“ Þeir sögðu, að hann hefði flutt sömu kenningar og Wickliffe. Hann játaði það hiklaust; einnig játaði hann, að hann hefði sagt, að Wickliffe væri sannur, trúður maður og að sál hans væri vafalaust hjá Guði. Prestarnir hlógu dátt að þessu, og Húss var leiddur ofan í dýflissuna aftur.

Þriðji fundurinn fór á sömu leið, en í þetta sinn vitnaði Húss til orða Ágústínusar, um að „páfi, sem lifir ekki sams konar lífi og hinn heilagi Pjetur, er enginn staðgöngumaður Krists, en öllu heldur fyrirrennari Andkristsins“. Hann vitnaði enn fremur í það, sem hinn heilagi Bernharð frá Clairvaux hafði mælt, að „sá, sem er þræll ágirndarinnar, er ekki eftirmaður hins heilaga Pjeturs, heldur Júdasar Ískarióts“.

Nú voru dómarnir orðfáir, því að ekki þorðu þeir að andmæla bæði Ágústínusi og Bernharði! En þetta var auðvitað höfuðsynd hjá Húss, að gera þá orðlausa með rökum sínum.

Mánuði síðar (6. júlí 1415) var Húss leiddur út úr dýflissunni til dómkirkjunnar. Þar var fyrst haldin „hámessu“, því næst var hann færður í prestskrúða og kaleikur látinn í hönd honum. Þá var hann leiddur inn að altarinu, eins og honum væri ætlað að syngja messu. Þá fóru sex biskupar, undir handleiðslu erkibiskupsins, að rífa af honum allan skrúðann; kaleikurinn var tekinn úr hendi hans; hár hans var klippt, til þess að má krúnuna af. Þá var pappírshattur, skreyttur þúkum og með orðinu „Heresiarch“ á, („erkvillutrúarmaður“), látinn hátíðlega á höfuð honum. Biskuparnir fólu þá sálu hans eilífri glötun. „Vjer felum sálu þína hinum helv. . . djöflum“, kváðu þeir. Þá hrópaði Húss: „En jeg fel anda minn í þínar hendur, ó, Drottinn Jesús Kristur; þjer fel jeg sálu mína, því að þú hefir endurleyst hana.“

Þá fylgdi mannfjöldinn honum til aftökustaðarins.

Á leiðinni námu þeir staðar við biskupshöllina til þess að brenna allar bækur hans, sem þeir höfðu getað náð í. Húss söng Guði dýrð á leiðinni, eða það upphátt fyrir böðlum sínum.

Þegar Húss hafði verið bundinn við staur og bálkóstur hlaðinn um hann, var hann spurður enn einu sinni, hvort hann vildi ekki afneita kenningum sínum og bjarga lífi sínu. En hann svaraði: „Það, sem jeg hefi skrifað og kent, var til þess að bjarga mönnum frá valdi djöfulsins og frelsa þá úr þrældómi syndarinnar, og með gleði vil jeg innsigla kenningar mínar með blóði mínu.“ Þá var kveikt í kestinum.

Þannig dó þessi göfuga hetja Krists. Stöðuglyndi hans og grimd böðlanna gáfu kenningum hans byr undir báða vængi, og áhrif hans hafa aldrei dáíð út.